




Flugslysaæfing Keflavíkurflugvelli Nóvember 2024 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

Efnisyfirlit

1	Inngangur og markmið	2
1.1	Markmið	3
2	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
2.1	Fræðsla í tengslum við æfinguna og dagskrá æfingardaganna	4
2.1.1	Þriðjudagur 12. nóvember.....	4
2.1.2	Miðvikudagur 13. nóvember	4
2.1.3	Fimmtudagur 14. nóvember.....	4
2.1.4	Föstudagur 15. nóvember	5
2.1.5	Laugardagur 16. nóvember	5
2.2	Æfingastjórn	6
2.3	Ráðgjafar	6
2.4	Þátttaka	6
2.5	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	7
2.6	Veður	8
2.7	Vettvangur.....	9
3	Rýni.....	10
3.1	Vettvangsæfing – Rýnifundur verkþáttastjóra	10
3.2	Vettvangsrýni ráðgjafa	10
3.3	Umsjón leikara.....	10
3.4	Rafræn rýni – allir þátttakendur	11
4	Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri.....	12
4.1	Einkunn æfingar	12
4.2	Styrkur	12
4.3	Umbótatækifæri	12
5	Myndir frá æfingunni.....	15
6	Viðaukar.....	16
6.1	Punktur frá rýnifundi í kjölfar vettvangsæfingar	16
6.2	Rýni ráðgjafa.....	19
6.3	Rafræn rýni allir þátttakendur.....	25
6.3.1	Það sem vel var gert	25
6.3.2	Það sem betur hefði mátt fara	29

1 Inngangur og markmið

Flugslysaæfingar á Keflavíkflugvelli eru umfangsmestu hópslysaæfingar á landinu. Í gegnum þær hefur skapast mikilvægur lærdómur um hvað virkar vel og það sem betur mætti fara þegar umfang atburða er stórt. Margir viðbragðsaðilar koma að og var ánægjulegt að sjá hversu mikinn metnað einingar lögðu í sitt starf bæði í aðdraganda æfingar sem og á æfingunni sjálfri. Það er ekki gefið að hægt sé að halda æfingu þegar að virkt eldgosatímabil er í gangi á Reykjanesi og þegar æfingin var haldin voru níu eldgos búin að vera á svæðinu og búist við gosi á tímabilinu sem æfingin fór fram. Það var því í fyrsta skipti sem tekið var fram í handbók þátttakenda um hvað skyldi gera ef eldgos færi af stað á miðri æfingu. Skemmst er frá því að segja að fjórum dögum seinna hófst tíunda gosið á svæðinu. Á miðri æfingu kom einnig upp alvöru atvik þegar boðað var út óvissustig vegna vélar á leið til lendingar en var það leyst fúmlaust af aðilum og gott að sjá að kerfið nær að halda fleiri boltum á lofti ef til þess kæmi.

Nokkrar breytingar urðu á flugslysaáætluninni sem æfðar voru auk þess sem breyting var á staðsetningu söfnunarsvæðis slasaðra (SSS). Nýr talhópur var keyrður á milli flugturns og aðgerðastjórnar sem bætti upplýsingaflæði á milli aðila umtalsvert en áður var verið að nýta mjög lokaðan talhóp sem kallaði á að aðili yrði ávallt að vera kominn í AST en nú hafa fleiri aðgang og bætir það til muna upphafsferil útkalla. Söfnunarsvæði slasaðra fékk nýtt heimili og var unnið grettistak í að gera það húsnæði að hentugu umhverfi fyrir starfsemina. Eiga þar starfsmenn flugvallarþjónustu og Björgunarsveit Suðurnesja hrós skilið fyrir útsjónarsemi og skipulag. Áfram verður síðan unnið að því að bæta svæðið. Áður var SSS í húsnæði Landshelgisgæslu Íslands en er nú statt í húsnæði Isavia. Við breytinguna munu starfsmenn LHG þó áfram sinna mikilvægum parti í og við SSS. Flugslysaáætlun flugvallarins var síðan yfirfarin og gefin út en almannavarnir sjá um ritstýringu hennar.

Áhugaverður snúningur kom á æfinguna þegar að tveir leikarar fóru að spinna sjálfir að mögulega hefði flugslysið verið af mannavöldum og setti það annan feril í gang samhliða þar sem rannsóknarþáttur lögreglu varð mun umfangsmeiri og kallaði á aðra nálgun. Æfingastjórn vissi ekki af þessu fyrr en í lok æfingar en gott að átta sig á og sjá hvaða áherslum þetta breytir fyrir heildarmyndina og skýrir eflaust stranga löggæslu á ákveðnum svæðum sem þátttakendur voru sumir að furða sig yfir á æfingunni.

Heilt yfir mjög góð æfing, mikill metnaður í undirbúning og flott samvinna allra aðila.

Fyrir hönd æfingastjórnar

Elva Tryggvadóttir

1.1 Markmið

Markmið flugslysaæfinga er að tryggja skipulögð viðbrögð við flugslysum á eða við flugvöll og auka færni og samvinnu viðbragðsaðila í samræmi við flugslysaáætlun viðkomandi flugvallar. Undirmarkmið eru sett fyrir hverja æfingu út frá reynslu fyrri æfinga á svæðinu og tillögum ráðgjafahóps.

Flugslysaæfingar eru haldnar vegna alþjóðlegra krafna og íslenskra laga um slíkar æfingar á flugvöllum og samkomulags viðbragðsaðila um að halda slíkar æfingar á almannavarnastigi. Æfingarnar eru því á vegum Isavia og almannavarna.

Aðalmarkmið æfinganna eru tvenn.

- Að fræða viðbragðsaðila um þau málefni er tengjast flugslysum og efla þá í sínum hlutverkum sem tengjast hópslysaáætlunum.
- Að æfa flugslysaáætlun flugvallarins, samvinnu milli viðbragðsaðila og það vinnulag og ferla sem tilgreindir eru í flugslysaáætluninni.

Keflavíkurflugvöllur

Markmið æfingarinnar er að æfa alla þætti flugslysaáætlun Keflavíkurflugvallar, samskipti og flæði bjarga og sjúklinga. Samvinnu og samstarfs viðbragðseininga.

2 Undirbúningur og framkvæmd

Undirbúningur fyrir flugslysaæfingu á Keflavíkflugvelli hófst í janúar þegar að dagsetningar æfinga voru ákveðnar. Æfingin er sú umfangsmesta á landsvísu og að ýmsu að huga. Það er heldur óvanalegt að reyna að skipuleggja æfingar með virkt eldgosatímabil á sama tíma en þetta gekk allt upp og mikilvæg reynsla situr eftir hjá öllum er að komu.

2.1 Fræðsla í tengslum við æfinguna og dagskrá æfingardaganna

Í aðdraganda æfingar var mikið af alls kyns fræðslu til að skerpa á viðbragði við hópslysum. Einingar óskuðu eftir fræðslu og var sumt klæðskerasniðið að einingum á meðan annað var sett upp sem fræðsla fyrir alla aðila.

Eftirfarandi var fræðsla fyrir ákveðna hópa auk þess sem einingar tóku reglulega fundi.

- Endurmenntun björgunarstjóra Isavia Isavia
- Heimsókn fyrir aðgerðastjórnendur á starfssvæði flugvallarins Isavia
- Flugslysavettvangur og eldur fyrir slökkvilið Grindavíkur og Brunavarnir Suðurnesja Isavia
- Bráðaflokkun AVD
- Fjarskipti f. HSS LSS
- Hlutverk AST f. nýja þátttakendur Lögreglustjórans á Suðurnesjum (LSS) LSS
- Verkþáttastjórar og aðstoðarfólk, SÁBF, framkvæmd og fjarskipti LSS
- Rannsóknir flugslysa fyrir viðbragðsaðila LSS
- Framkvæmd æfingar og hlutverk lögreglu við rannsókn flugslysa LSS
- Fræðsla fyrir áhöfn AST fyrir RKÍ RKÍ
- Fræðsla fyrir sjálfboðaliða RKÍ RKÍ
- Fræðsla fyrir búnaðarhóp RKÍ

Hér má sjá yfirlit yfir fræðslu í tengslum við flugslysaæfinguna sem var opin öllum viðbragðsaðilum ásamt dagskrá æfingadagana, fimmtudag til laugardags. Fræðslan er einingum að kostnaðarlausu.

2.1.1 Þriðjudagur 12. nóvember

Fjarfræðsla fyrir alla þátttakendur

19.00-19:45	Vettvangsstjórn og stjórnkerfið	AVD
19:45-20:25	Bráðaflokkun	LSH
20:25-20:45	Sálrænn stuðningur	RKÍ
20:45-21:15	Umgengni við þyrlur	LHG
21:15-21:45	Fjarskipti/tetra fyrir allar viðbragðseiningar	112

2.1.2 Miðvikudagur 13. nóvember

20:00-21:00 **Kynningarfundur fyrir leikara / þolendur** *Umsjónaraðili leikara*
Leikarar sem staðsettir eru á höfuðborgarsvæði og nágrenni.
Staðsetning: Hjálparveit skáta Garðabæ, Jötunheimar við Bæjarbraut

2.1.3 Fimmtudagur 14. nóvember

10:00 **Boðunarprófun** – Allir á boðunarlista 112 vegna flugslyss á flugvelli. 112

19:30-22:00 Setning æfingar – Fjarfundur- Allir þátttakendur

Dagskrá:

- Setning æfingar Lögreglan
- Kynning, tilgangur flugslysaæfinga Isavia
- Flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn og endurbætur Almannavarnir
- Almenn um skipulag í hópslysum (SÁBF) Isavia
 - Hverjir eru hvar og helstu hlutverk
 - SST, AST, VST
- Rannsókn flugslysa og verndun gagna Rannsóknaraðilar
- Praktísk atriði í tengslum við æfinguna Isavia

2.1.4 Föstudagur 15. nóvember

15:00-18:00 **Skrifborðsæfing fyrir stjórnendur og verkþáttastjóra** *Isavia / AVD*

Staðsetning: Tækjasal Brunavarna Suðurnesja, Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ
Þeir sem taka þátt; aðgerðastjórn, vettvangsstjórn og verkþáttastjórar.
Allir taki með tetrastöðvar og handfrjálstan búnað.
Aðgerðastjórn er staðsett að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ

19:30-20:30 **Kynningarfundur fyrir leikara / þolendur** *Umsjónaraðili leikara*

Leikarar sem staðsettir eru á Reykjanesi og nágrenni.
Staðsetning: Háaleitisskóli, Lindarbraut 624, 262 Reykjanesbær

2.1.5 Laugardagur 16. nóvember

07:00 **Förðun leikara** *Umsjónaraðili leikara*

Staðsetning: Háaleitisskóli, Lindarbraut 624, 262 Reykjanesbær

11:00 **Flugslysaæfing hefst – Allir þátttakendur**

Fyrir æfingu verður dreift handbók á þátttakendur.
Að lokinni æfingu ganga starfseiningar frá búnaði og stjórnendur/verkþáttastjórar taka saman punkta fyrir rýnifund.
Allir þátttakendur fá sendan link á rýnikönnun að lokinni æfingu.

15:00 **Rýnifundur fyrir stjórnendur á æfingunni** (sjá lista yfir aðila hér f. neðan)

Staðsetning: Háaleitisskóli, Lindarbraut 624, 262 Reykjanesbær

- | | |
|-----------------------------|-------------------|
| 1. Almenn um/stóra myndin | Æfingastjóri |
| 2. Aðgerðarstjórn | Aðgerðarstjóri |
| 3. Vettvangsstjórn | Vettvangsstjóri |
| 4. Leit og björgun | Björgunarstjóri |
| 5. Söfnunarsvæði slasaðra | Aðhlyningarstjóri |
| 6. Lokanir/umferð/talning | Gæslustjóri |
| 7. Móttaka og flutningur | Flutningastjóri |
| 8. Aðstandendur/fjöldahjálp | Rauði krossinn |
| 9. Umsögn ráðgjafa | Ráðgjafar |
| 10. Umræður | Orðið laust |
| 11. Næstu skref | Isavia |
| 12. Æfingu slitið | Lögreglan |

2.2 Æfingastjórn

Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Isavia, fulltrúum almannavarna ríkisins og lögregluþyrifirvöldum á svæðinu.

Æfingastjóri	Elva Tryggvadóttir	Isavia
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr. Guðmundsson	Isavia
Æfingastjórn	Pórný Þórðardóttir	Almannavarnir
Æfingastjórn	María Pálsdóttir	Lögregla - Tengiliður heimamanna

2.3 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar viðbragðsaðila, stofnanir, félagsamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Þeir aðstoða við undirbúning og fylgjast með einstaka þáttum æfingarinnar og skila umsögnum um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Grétar Karlsson	Isavia – Stjórnandi vettvangur
Ráðgjafi	Janus Jónsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Tómas Már Pétursson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Veigar Guðbjörnsson	Isavia - Vettvangur
Ráðgjafi	Víðir Sveinn Ágústsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Þórir Gunnarsson	Isavia – Vettvangur
Ráðgjafi	Þorlákur Snær Helgason	Isavia – Slökkvifræðsla
Ráðgjafi	Guðjón Helgason	Isavia – fjölmiðlamál
Umsjón leikarar	Vigdís Björg Agnarsdóttir	Isavia - leikarar
Umsjón gesta	Árni Birgisson	Isavia - gestir
Ráðgjafi	Álfheiður S. Kristjánsdóttir	Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Jakob Smári Magnússon	Rauði Kross Íslands
Ráðgjafi	Arnar Guðjón Skúlason	Almannavarnir
Ráðgjafi	Rögnvaldur Ólafsson	Almannavarnir
Ráðgjafi	Hermann Karlsson	Almannavarnir - Aðgerðastjórn
Ráðgjafi	Karen Ósk Lárusdóttir	Almannavarnir - Samhæfingastöð
Ráðgjafi	Sigrún Guðný Pétursdóttir	Landspítalinn
Ráðgjafi	Þorgerður Anja Snæbjörnsd.	Landspítalinn
Ráðgjafi	Ólafur Jón Jónsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg
Ráðgjafi	Sveinn Óskarsson	Slysavarnafélagið Landsbjörg

2.4 Þátttaka

Heildarfjöldi þátttakenda á verklegu æfingunni. Athugið að um áætlaðar tölur eru frá einingum enda ekki talið á æfingunni sjálfri þó reynt sé að fylgja eftir sirka mætingu.

10:35	Tilkynnir OY-FNM B737 400 að eldur sé komin í vinstri mótör (#1) (MAYDAY)(MIKE DELTA) . (ætti að leiða til virkjunar hættustigs)	Turn hækkar boðstig á hættustig samkvæmt gátlista Hefja og enda á "ÆFING ÆFING"
10:50	Á lokastefnu á braut 01 tilkynnir áhöfn turni að ekki hafi náð að slökkva eld í hreyfli #1 og reykur í stjórnklefa sé það mikill að ekki sé auðvelt að sjá á stjórnþæki vélarinnar. (ætti að leiða til viðbótar upplýsingagjafar frá turni og jafnvel upp um boðstig sem ætti að vera í lagi) og að mikill reykur sé komin í farþega- og stjórnrymi flugvélarinnar. Áhöfn er komin með súrefnis grímur.	Turn upplýsir og hugsanlega hækkar á neyðarstig samkvæmt gátlista Hefja og enda á "ÆFING ÆFING"
11:00	(eða þegar æfingastjórn gefur grænt ljós) brotlendir flugvélin á 01 og endar á æfingarsvæði flugvallarþjónustu (reitur G3-13C) kallar flugturninn út viðbragð vegna flugslyss og í beinu framhaldi er kallað í Neyðarlínuna með ósk um „Neyðarstig land-Keflavíkurflugvöllur“ ásamt lýsingu á viðburði. (ætti að leiða til hækkunar boðstigs í neyðarstig) 14 tonn af eldsneyti um borð við landingu. XXX persónur um borð (farþegar og áhöfn)	Vél brotlendir, Turn hækkar í neyðarstig samkvæmt gátlista eða tilkynnir um brotlendingu. Hefja og enda með "ÆFING ÆFING"
ENDEX	Þegar æfingarstjórn ákveður og markmiðum æfingar er náð.	

Flugfélagið FlyNoMore er aðeins til vegna æfingarinnar en þeir flugrekendur og þjónustuaðilar sem ætla að nota æfinguna í frekari æfingu innanhúss hjá sér geta skipt því út.

Flugáætlun

(FPL-OYFNM-IS

-B738/M-DE3FGHIJ1RSWXY/LB1

-BIKF0900

-N0450F360 OSKUM DCT 63N010W DCT GUNPA/N0449F370 P610 ZOL L621 AAL T551 TESPI

-EKCH0248 ESMS

-PBN/A1B1D1S2 DOF/160504 REG/OYRNF EET/BIRD0100 SEL/ASJM

CODE/478381 RVR/200 OPR/Air Charter Inc. SEL/ABCD)

Farþegalistinn


Farþegalistinn verður til við skráningu leikara og sendir viðeigandi aðilum þegar skráning leikara er lokið. Stjórnneiningar verða að leita eftir listunum til viðeigandi aðila eins og væri í raun.

2.6 Veður

Þegar æfing er haldin í nóvember þá má lítið bregða út af ef gerir slæma haustlægð. Búið var að gera ráðstafanir ef manna þyrfti meiri snjómokstur á meðan á æfingu stóð. Hressileg lægð gekk yfir landið á föstudeginum og margir smeykir að það þyrfti mögulega að slá æfinguna af en veðrið var fínt samkvæmt veðurspá og blessunarlega gekk það eftir.

2.7 Vettvangur

Starfssvæði æfingarinnar samanstendur af MÓT – hliði 19. Þjónustuvegi frá mót og að SSS ásamt þjónustuvegi suður fyrir brautarenda 01 og yfir Sierra á æfingarsvæði flugvallarþjónustu. Öryggi verður tryggt með vöktuðum póstum við braut 01-19 og yfir akbraut Echo.



3 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfinga. Rýnin er með tvennum hætti, annars vegar eru teknir rýnipunktur í kjölfar æfingar þar sem helstu verkþáttastjórar og ráðgjafar fara stuttlega yfir sína punkta. Í framhaldinu fá allir þátttakendur hlekk á rafræna rýni. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram. Rafræn rýni er tekin saman í lokaskýrslu æfingar og geta viðbragðsaðilar þá nýtt skýrsluna til eflingar styrkleika eða umbóta þar sem við á.

Lærdómsatriði eru ekki síuð og koma hér fyrir eins og skilað var inn í rýni, með því er tryggt að allar raddir fái að heyrast, það eina sem hefur verið gert við textann er að stafsetning hefur verið löguð og svör sem merkja ekkert í rýni hafa verið tekin út svo sem „ekkert“, „hef ekki skoðun“ o.s.frv.

Mikilvægt er að hver og einn aðili og viðbragðsaðilar saman taki á þeim rýnipunktum sem fram hafa komið og er það undir hverjum og einum að gera slíkt.



3.1 Vettvangsæfing – Rýnifundur verkþáttastjóra

Þátttakendur æfingarinnar komu saman að lokinni æfingu í Háaleitisskóla Reykjanesi og fengu Lasagne sem Slysavarnadeildin á svæðinu galdraði fram. Samhliða var rýnifundur þar sem stjórnendur æfingar og verkþáttastjórar tóku saman stutta samantekt fyrir sína verkþætti í kennslustofu skólans.

Punktur frá rýnifundi má sjá í viðauka 6.1. Punktar frá rýnifundi í kjölfar vettvangsæfingar.

3.2 Vettvangsrýni ráðgjafa

Ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST, AST, VST og hjá verkþáttastjórum. Ráðgjafar skila inn rafrænni rýni að lokinni æfingu og er henni gerð skil í viðauka 6.2. Rýni ráðgjafa.

3.3 Umsjón leikara

Umsjónaraðili leikara ásamt aðstoðarfólki, hafa það hlutverk að gæta að heilsu og öryggi leikara eru á öllum starfsvæðum. Þeir geta gripið inn í æfingu til að gæta að heilsu og öryggi leikara.

Vigdís Björk Agnarsdóttir Umsjón leikara

- Gekk vel að safna saman leikurum þrátt fyrir 16 ára aldurstakmark. Góð mæting á kynningarfundum fyrir leikara. Nauðsynlegt að vera með pottþétta aðstoðarmenn fyrir förðun og í úthlutun hlutverka.
- Í skráningarformi fyrir leikara er flettilisti þar sem fólk segir frá hvaða hópi þau koma. Það var slæmt að geta ekki aðgreint frá hvaða unglingsdeild eða björgunarsveit fólk var að koma.
- Snilld að vera með alla leikara 16 ára eða eldri, auðveldaði allt utan um hald og stýringu.
- Förðun gekk hratt og vel fyrir sig.
- Samvinna við dreifingu á leikurum gekk vel.
- Hefðum mátt skipta leikurum í rúturnar eftir verkefnum. Það hefði komið í veg fyrir misskilning þegar við dreifðum þeim á staði í upphafi æfingarinnar.
- "Frábær leikarahópur, stóðu sig mjög vel þrátt fyrir skítakulda og rok.
- Slysavarnadeildin sá um matinn fyrir leikara um morguninn með stæl.

Áslaug I Sveinbjarnardóttir Isavia Umsjón leikara

- Gekk almennt vel.
- Mér fannst björgunarfólk koma seint á slysstað.
- Ég fór með sjúklinga á HSS -móttaka sjúkrabíla og þegar við komum þangað vissi enginn að við værum á leiðinni eða hvað ætti að gera við okkur. Væri fínt að láta spítalann vita að við hefðum átt að fara á heilsugæsluna 🤔"


Óformleg könnun meðal leikara

Leikarar almennt ánægðir með umönnun og utan um hald viðbragðsaðila. Talsverður biðtími fyrir þá sem voru á vettvangi úti undir berum himni sem senda hefði mátt bjargir fyrr á svæðið til að sinna.

3.4 Rafræn rýni – allir þátttakendur

Rýni fór á alla þátttakendur rafrænt og má sjá niðurstöður hennar í viðauka 6.3 Rafræn rýni fyrir alla þátttakendur.

Alls tóku 71 aðilar þátt í rafrænni rýni, frá flestum viðbragðsaðilum auk þess sem punktar bárust í tölvupósti á æfingastjórn.



4 Helstu lærdómsatriði og umbótatækifæri

Heildarmynd æfingar og samræming gekk vel, ávallt er hægt að vinna betur að einstökum atriðum og er ekki síður mikilvægt að styrkja það sem vel er gert heldur en að bæta úr því sem betur má fara.

Hér gefur á að líta samantekt úr allri rýni og dregin fram þau atriði sem komu fram og þarfnast skoðunar eða umbóta hjá einingum.

Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á.

4.1 Einkunn æfingar

Meðaleinkunn um gagnsemi æfingarinnar úr rafrænni rýnni allra þátttakenda er 8.93 af 10.

4.2 Styrkur

- Góður undirbúningur, dagskrá, fræðsla og fundir skýrir.
- Handbók góð fyrir þátttakendur.
- Ánægja með fjarfræðslu svo fleiri hafi kost á að nýta sér hana.
- Skrifborðsæfing mjög gagnleg og mikilvæg.
- Samvinna viðbragðsaðila á starfsstöðvum.
- Góð vinnubrögð í klippivinnu Slökkviliðs Suðurnesja í pittingum.
- Nýr talhópur á milli turns og aðgerðastjórnar nýttist vel.
- Hópar flugvallarþjónustu sjálfstæðir í verkefnum undir björgunarstjóra.
- Gott samstarf á söfnunarsvæði slasaðra.
- Hitarar og útfærslur til að halda hita á SSS gekk vel þó bæta megi í hita.
- Góð vinna í VST, góð yfirsýn, samskipti góð við aðra aðila.
- Rafræn skráning á þolendum í SSS: virkar vel og má vinna áfram.
- Mikilvægt og gott að hafa heilbrigðisstarfsfólk einnig á græna svæðinu á SSS.
- Góð vinna í AST, stjórnandi með fína yfirsýn og gott flæði.
- Leikarar stóðu sig gríðarlega vel á æfingunni.
- Slysstaður og leikarar raunverulegir og eykur á æfingagildi.
- Mikill lærdómur að koma á svona æfingu um hópslys og flæði.
- Vel unnið úr þegar raun óvissustig kom upp í æfingunni.

4.3 Umbótatækifæri

Umbótatækifæri	Eigandi
Aðgerðastjórn, aðstaða í hliðarsal, mögulega setja fleiri skjái þar á vegg til að útvíkka AST svæðið	Aðgerðastjórn
Boða flugþjónustuaðila og flugfélög á skrifborðsæfinguna í AST	Aðgerðastjórn
Skilgreina Hleðslustjóra og verklag milli hans og flutningastjóra	Aðgerðastjórn / Flutningastjóri
MÓT og bjargir í AST skoði verklag sín á milli	Aðgerðastjórn / MÓT
SSA, skoða mögulegt samstarf og kynningar á hlutverki hvors annars í tengslum við söfnunarsvæði aðstandenda í samráði við lögreglu/AST	Aðgerðastjórn / Rauði kross Íslands / flugfélög
Staðsetja útskráningu af SSS nær útgangi og tryggja að enginn fari framhjá óskráður	Aðhlyningarstjóri

Merkja vel (vesti) og hafa styrka stjórnendur á hverju svæði (Gulur-rauður-grænn)	Aðhlyningarstjóri / Isavia
Huga að sameiningu aðstandenda, verklag, farþegalistar, skilgreina aðila á SSS	Aðhlyningarstjóri / Rauði kross Íslands
Aðstoðar fólk á græna svæðinu í SSS þarf að vera frá blönduðum aðilum, RKÍ, björgunarsveitir, heilbrigðismenntun til að geta sinnt því sem er þar	Aðhlyningarstjóri / Vettvangsstjórn
Hluta tryggja vettvang og setja bjargir á tryggð svæði	Björgunarstjóri Isavia
Björgunarstjóri tryggi hlustun og upplýsingamiðlun á VST talhóp	Björgunarstjóri Isavia
Stjórnun á vettvangi, að aðilar í aðhlyningu og böruburð sé tiltækt þegar klippivinna/reykköfun/slökkvistarf er lokið	Björgunarstjóri Isavia / Vettvangsstjórn
Skipa aðila á SLY sem forgangsraðar í flutning á SSS	Björgunarstjóri Isavia / Vettvangsstjórn
Skráning bjarga í VST aðgerð gekk illa – skráð sem æfing og þá er takmarkaður aðgangur fyrir bjargir að aðgerð	Flutningastjóri / Aðgerðastjórn
Gæslustjóra vantaði bjargir á SLY og SSS, bærust ekki, mögulega samskiptaleyfi	Gæslustjóri / Lögregla / Flutningastjóri
Skerpa á hlutverki gæslumanna	Gæslustjóri / Lögreglan
Ekki allir á SSS með talstöðvar	HSS / Björgunarsveit Suðurnesja / LSH
Brautarátroðningur í tvígang – Fyrirbyggja slíkt	Isavia
Skoða hvernig takmarka megi betur kulda á SSS	Isavia
SSS illa merkt – skoða	Isavia
Hafa til bráðaflokkunarspjöld á SSS ef aðilar koma þangað án spjalds	Isavia
Merkingar sem settar voru upp til að vísa á SLY og annað mættu vera stærri (stærri skilti)	Isavia
Huga að varaleiðum fyrir netnotkun, ef atburður yrði og mikið álag á afkastagetu gagnaflytningu, t.d. örbylgjulink til að komast inná fast net í stað farsímakerfa	Isavia
Skoða aðgengi vaktstjóra að aðgerðagrunni vegna VST	Isavia - NVB
Skilgreina SSL	Isavia - NVB
Kynna betur nýjan talhóp í stað Kef Crash og bættu nýtingu	Isavia / Lögregla
Ítreka í fundum með leikurum að búa ekki til handrit, sérstaklega áhöfn	Isavia / Æfingastjórn
Umferðaskipulag og þverun brauta þarf að vera skýrari	Isavia / Æfingastjórn
Úthlutun stæða v. SSS. Samkvæmt æfingu átti að vera nýtt stæði 109-111 f. sjúkraflug en var úthlutað 107-108	Isavia APOC
Uppkall flugturns til Neyðarlínu (íslenska eða enska) skoða	Isavia Flugturn
Betra upplýsingaflæði í turni um æfingu, áherslur og markmið. Fá drög að handriti til að ræða fyrir. Gátu ekki sent aðila á skrifborðsæfingu.	Isavia Flugturn
Slökkvibílar of nálægt eld á sumum stöðum	Isavia Flugvallarþj.
Leikarar séu ekki í miklum myndatökum, snapchat, tik tok á meðan æfingu stendur	Isavia Umsjón leikara
Upplýsa og hafa flugáhafnir LHG með. Ef LHG tók þátt skilaði það sér ekki til þyrluáhafnar frá LHG. Fyrirvari heldur stuttur inn á borð stjórnstöðvar LHG	LHG
Aðgerðin var þrískipt í aðgerðagrunni, VST og AST mættu vera saman, var að valda ruglingi á nokkrum stöðum og misskráningu bjarga	Lögregla
Spurning með sér talhóp fyrir rannsókn? Eins og t.d. þegar að um möguleg hryðjuverk eiga sér stað.	Lögregla
Fulltrúar flugrekanda og þjónustuaðila og hlutverk þeirra í AST	Lögregla
SST telur gott ef það hefði verið virkur aðili úr heilbrigðishluta í AST	Lögregla

Stilla rannsóknardeild lögreglu betur saman í aðdragandi æfingar	Lögregla
Meðferð áhafnar, verið að passa þá vegna mögulegra hryðjuverka en það má ekki tefja meðferð sem þolanda	Lögregla
Stjórnstöðvarbílinn Björninn fari beint á MÓT í stað biðsvæðis	Lögregla / Aðgerðastjórn
Hópar séu búnir að fylla út hópablöð – gera aðgengileg	Lögregla / Flutningastjóri
Skrifa varafjarskiptaleið í flugslysaáætlunina	Lögreglan
Halda fleiri og reglubundnari skrifborðsæfingar	Lögreglan
Áverkalýsingar, yfirfara og sérstaklega með þróun lífsmarka í huga	Ráðgjafi heilbrigðismála
SST það bjargir á ytra biðsvæði að bíða en eiga að fara á MÓT þegar að neyðarstig kemur	Samhæfingarstöð
Of margir á SSS á meðan vantaði í SLY	Vettvangsstjórn
Hafa verkefni, að hafa einhvern á Útkikki til að sjá hvort einhverjir séu að ráfa eitthvað	Vettvangsstjórn
Hópar sem koma inná slysavettvang hafi með sjúkrabúnað svo þurfi ekki að fara til baka og sækja slíkt.	Viðbragðsaðilar
Tímasetning æfingar – mögulegar vetraraðstæður	Æfingastjórn
Endurmat æfingastjórnar og skipulag við æfingar	Æfingastjórn
Fjarfræðsla aðgengileg í upptöku	Æfingastjórn
Dreifa undirbúningsfræðslu á meira en eina viku?	Æfingastjórn
Óskilvirk fræðsla til nýrra þátttakenda	Æfingastjórn
Hafa fyrirfram skilgreindan stað og samskiptamáta vegna óskilamuna	Æfingastjórn

5 Myndir frá æfingunni

Fleiri myndir frá æfingunni má finna á Facebook, undir „Flugslysæfingar“.



6 Viðaukar

6.1 Punktar frá rýnifundi í kjölfar vettvangsæfingar

Elva Tryggvadóttir, æfingarstjóri

Æfingin gekk vel, auðvitað alltaf lærdómspunktar en æfingin gekk afar vel fyrir sig.

Sif Aradóttir, Turn

Almennt gekk vel, samskipti ánægð með AST-2 betra en áður, meiri vitneskja í gangi í turni. Tveir bílar yfir braut án leyfis verður skoðað en braut var í notkun.

Björgunarstjóri, Magnús Orri

Krefjandi vettvangur, var með aðstoðarmenn en ekki nóg. Uppstilling gekk vel og einingar flugvallarþjónustu sjálfstæðar. Óvissustig ofan í aðgerðina, missi aðeins tölu og yfirsýn við það. Heild yfir gekk vel á SLY. Samvinna bjarga góð á SLY.

Fjarskipti ekki auðvelt að heyra í vindinum – AST-2 virkaði vel en vantaði í aðdraganda upplýsingar um það.

Spurður um upplýsingagjöf fyrst (komuskýrslu) vantaði. Látnir voru færðir til á SLY, það er ekki samkvæmt því sem kennt er en var gert.

Ráðgjafi björgunarstjóra, Grétar

SLY ekki svo flókinn en krefjandi, nokkrir „staðir“ þar sem þurfti að sinna björgun. Með marga stöður sem þurfti að sinna og það var vel leyst af björgunarstjóra að tækla það.

Slösuðum ekki sinnt strax sem voru út í móa, vettvangurinn þar þó öruggur og mátti senda strax bjargir þangað.

Eddi flutningastjóri

Ánægður með æfinguna. Fjarskipti bjarga sem eru að skipta um verkefni, nær ekki að halda yfirsýn miðað við hvernig þau voru að keyrð. Aðilar að grípa inn í fjarskipti. Bjargir í MÓT gætu verið búin að skrá fyrir fram, hópablöð sem voru til mætti nota. Mundi flýta fyrir. Tilkynning ALVARA reyndist ekki rétt og óþarfa misskilningur. Bjargir sem fara út af vettvangi í flutning eiga að kalla sig inn aftur. Veltir fyrir sér hvernig ætti að halda um bjargir sem eru innan flugvallar.

Spurður um yfirsýn yfir bjargir innan svæðis, Eddi svarar að hann hafi ekki þessa yfirsýn vegna þess að bjargir kalla sig ekki inn í ný verkefni. Voru að leiðbeina um fjarskiptaskipulagið þegar spurðir.

Ráðgjafi flutningastjóra – Sveinn SL

sáttur við störf flutningastjóra – ánægður með að það sé aðstaða í MÓT. Eins það vantaði upplýsingar inn um stöðu bjarga í verkefnum, þær tynast innan vallar. Flott hvernig upplýsingar voru að flæða af ytra biðsvæði. Tómas ánægður með þessar upplýsingar af ytra mót mætti koma skjalinu fyrir á MÓT en flottar upplýsingar samt sem áður.

Gæslustjóri

Smá hnökrar, ekki mörg undir þessu verkþátt og einhverjir hnökrar þegar eftir þeim var óskað vegna manneklu, orsakaði litla gæslu á slyssað. Náðu ágætri yfirsýn og lokuðu á SLY. Allir í gegnum þeirra lokun og náðist. Heilt yfir smá byrjunarhnökrar og síðan gekk þetta vel.

Ráðgjafi gæslustjóra – Rögnvaldur

Skrifborðsæfingin í gær hjálpaði mikið og mörg mál þeyst þar. Gæslustjóri ílengdist á SLY vegna mönnunnar. Smá hnökrar á talningu í upphafi á SSS.

Aðhlyningastjóri – Erla

Flókið, stórt og æft of sjaldan. Samstarfið við HSS, LSH og LHG, RKÍ gekk afar vel. Þurfa að skerpa á stjórnendahlutverkum innan HSS. Alvara Alvara kom ekki þaðan, sagt frá SSS, einhver misskilningur líklegast vegna þess að þeir áttu að fara á HSS. Flutningur gekk brösuglega fyrst í stað vantaði bjargir, ekki allir á SLY. SSS á nýjum stað þarf aðeins að skoða varðandi kuldann og skipulag en heilt yfir gekk vel.

HSS

Óþægilegt að geta ekki talað saman innan SSS ekki allir með talstöðvar. Kaos á meðferðasvæðum, vantaði stjórnendur þar. Áhyggjur að ekki væri heilbrigðisstarfsfólk á græna svæði en það var heilbrigðisstarfsfólk þar. Áhöfn – hvernig á að aðskilja frá farþegum, ágengni lögreglu í skýrslutöku í áverkamati. Erla getum ekki tekið áhöfn frá þá festist aðhlyning á því svæði, verða að vera á almennum svæðum.

Ráðgjafi SSS – Anja

Kaos á rauða svæði aðallega, vantaði skýrari stjórnanda þar. Ætti að vera hjúkrunarfræðingur frekar en læknir. Kalt en hitarinn góður. Fjarskipti gengu ágætlega. Stjórnendur týnast í þessum fjölda innan aðra.

Rauði krossinn á SSS

Á græna svæðinu. Ánægð með æfinguna, þurfa að skoða aðeins betur skipulagið á græna. Þegar álagið var sem mest vantaði hjúkrunarfræðinga. Varðandi fjölskyldumál ekki auðvelt að leysa úr því þegar ættingjar eru að leita að hvorum öðrum, hvað er gert. Eins með áhafnameðlimi óþægilegt að ekki megi tala við þá, gott ef hægt væri að stúka þá af.

Umræða um áhafnir, meðferð á þeim og rannsóknarhagsmuni. Betra að þau séu á umönnunarsvæðunum og yfir þeim sé setið.

Vettvangsstjóri – Ólöf

ánægð með æfinguna gekk vel góð yfirsýn. Talningin stemmdi ekki, samskiptin við verkþáttastjórnendur gekk vel. MÓT stóð sig vel og samskipti við AST góð, gekk vonum frammar. Vantar talhóp fyrir rannsókn, þarf að skoða hvernig handleikið í kerfinu. Góður hópur sem vann vel saman. Höfðu góða yfirsýn yfir SLY. Fjöldi um borð kom fram í SMS.

Ráðgjafi vettvangsstjóra – Þórný

stóðu sig vel skipuðu í hlutverk, mikið að hlusta á en gekk vel. Áskorun þegar mikið er í gangi. Rannsókn – yfirflugfreyja sagði að hugsanlega hafi flugvélin verið sprengd og lýsing gefin af manningum þá breytist eðli rannsóknar mikið.

Aðgerðastjóri Arnar fyrir hönd hans

Tóku ýmsar ákvarðanir vegna þessa tvist að um hugsanlegt hryðjuverk hefði verið að ræða. Fleiri þátttakendur í AST en starfsstöðvar. Vantaði aðeins yfirsýn yfir bjargirnar sem skráðar eru inn í aðgerð

AST sem VST sér svo ekki. einhverjir áttu erfitt með að komast inn í aðgerðagrunninn. Ekki ljóst hvort flugvöllurinn væri opinn eða lokaður, vantaði upplýsingar frá björgunarstjóra sem var vegna umferðar á flugvelli. Einhverjir fóru að skrá sig á því boðstigi sem þeir áttu ekki að vera boðaðir, æfingarlegs eðlis. Áætlanir farnar af stað í AST og gekk vel. Óvissustigið setti strik í reikninginn. Nota Teams í stöðufundi með VST gekk vel. Fulltrúar flugrekanda og þjónustuaðila þínu tíndir þarf að bæta úr því. Eiga þessir aðilar kannski að vera í SST?

Ráðgjafi AST – Hemmi

Gekk vel yfirsýn góð. Stór áskorun fyrir S að standa til baka og hafa yfirsýn. Yfirsýn yfir bjargir er krefjandi í AST. AST þarf að hafa stöðu góða stöðu mála. Allir stóðu sig vel.

SST – Þórný

með punkta þaðan, heilt yfir gekk vel smá vandræði fyrst með fjarskipti. Sameiginlega skjalið flott má vinna áfram. ASTH hefði mátt taka þátt.

112

sáum mjög lítið hvernig var boðað. Sáu ekki hvernig boðun tókst en voru ánægð með æfinguna og ánægð hvernig var tekið á ALVARA óvissustig.

7 sinnum var kerfið upptekið sem er lítið og réði því vel við álagið.

Sif spurði um hvort betra væri að kalla út á ensku eða íslensku, betra á íslensku, skýrara en ef það eru ytri kröfur um ensku þá skilja þau það.

Annað

Umræða um hvað við gerum ef TETRA dettur út – þá DMO. Skrifa inn í áætlunina.

Halli varðandi samskipti við turn og vöntun á VHF en það eru til handstöðvar hjá FVP.

Spurning um að setja vaktstjóra inn í Aðgerðagrunn vegna VST.

HSS ánægt með æfingunna, gekk vel hjá þeim og þau segjast hafa meiri getu en þau héldu. Nota þetta til að bæta innra skipulag. Ánægð með þetta fyrir hönd HSS.

Æfingastjóri, minnir á rýni og að ráðgjafar rýni. Mikið starf unnið á svæðinu í aðdraganda sem var vel gert.

Úlfar lögreglustjóri

Gekk ljómandi vel, góð mæting um 460 sem að komu og þakkar sérstaklega sjálfbóðaliðum. SSS þurfum að hlúa vel að og þurfum að laga SSS. Skrifborðsæfing halda þær á milli æfinga. Flugatvik líka reglulega. Þurfum að geta gripið inn í þegar æfingar taka eigin stefnu. SSS taki við fjölmiðlum fengu ekki svar við því, héldu að það væri hluti af æfingunni og fóru að gera ráð fyrir að taka fjölmiðla inn í AST.

6.2 Rýni ráðgjafa

Þórný Þórðardóttir Almannaþingin

- Gekk fínt
- Fannst æfing rúlla vel og allir klárir í þau verkefni sem komu upp.
- Æfing gekk vel en björgunarstjóri þarf að vera með hlustun á VST talhóp (eða nota aðstoðarmenn) til að koma upplýsingum til annarra verkþáttastjóra á VST talhóp og hafa hlustun þar líka.
- SSS er kalt og þarfnast úrbóta.
- Myndi vilja sjá SSL sem skilgreint svæði.

Magnús Ársællsson Isavia

- Staðsetningar slysavettvangs og undirbúa elda og klippivettvanga.
- Ákveðni fyrstu tveggja bíla að sleppa fyrstu tveim eldum við inngang að fugli en fóru beint í eldfuglinn og eldana næst honum.
- Alltaf það sama sem mætti bæta, talningar og fjarskipti á vettvangi.
- "Æfingin skapar meistarann, þakka fyrir að fá að vinna með ARFF hópnum, það eru forréttindi :)"

Þorlákur Snær Helgason Isavia

Slökkvilið Grindavíkur og BS þáðu fræðslu um flugvélaþekkingu og aðkomu að flugslysi og var góð mæting hjá þeim á þessa fræðslu.

"Spurning að ekki hafa svæði þar sem þarf bara að reykka eins og var í stóra eldfuglinum. Þar sem markmið flugvallarslökkviliðs er að:

1. Kæla bók og slökkva ytri elda
2. Verja flóttaleiðir
3. Hefja reyklosun til að koma líflegum aðstæðum inni
4. Björgun

Heilt yfir gekk æfingin vel miða við þessa punkta sem má að laga.

Æfingin var allt of róleg, hún var hægari en gönguhraði. Aðrar bjargar en slökkvilið komu allt of seint inn á vettvang, það voru margir staðir sem þau höfuð getað byrja að vinna á þó eldar loga ennþá. [Björgunarstjóri]

Þegar var búið að bjarga fólki út úr flakinu, þá vantaði að björgunaraðila að taka a móti þeim, sjúklingar lágu á jörðinni án þess að björgunaraðili fylgdist með þeim. [Setja stjórnanda á hvern vettvang]

Fyrsti sjúklingur var að fara af vettvangi klukkustund eftir að fyrstu bjargar komu á vettvang sem er allt of langur tími.

Flugvallarþjónusta var allt of nálægt með slökkvibíla við suma vettvanga.

Tómas Már Pétursson Isavia

Sem hluti af ARFF teymi Isavia tók ég þátt í uppsetningu æfingarinnar á vettvangi. Undirbúningur var alla vikuna og gekk hann vel í góðu samstarfi við starfsmenn flugvallarþjónustu Keflavíkurflugvallar. Tengiliður okkar Magnús Ársælsson stóð sig með þrýði að redda öllu sem vantaði við uppsetningu.

Vegna reglna Keflavíkurflugvallar var oft seinlegt að græja og gera ákveðna hluti þar sem umsjónarmaður okkar í ARFF teymi þurfti alltaf að vera með okkur og skutla okkur út um allt. Rýmri heimild og bíll til umráða hefði einfaldað hlutina.

Ég sá um eld 3 og klippivettvang 2 í "pittinum". Slökkvistarf gekk mjög vel, fljótir á staðinn og vel gekk að slökkva nokkuð erfiðan eld. Klippivettvangurinn var mjög flókinn en starfsmenn BS ásamt Isavia mönnum leystu hann af mikilli fagmennsku og eiga hrós skilið. Vönduð vinnubrögð við mjög flóknar aðstæður. Stórt hrós á leikara á mínum vettvangi sem létu vel í sér heyra.

"EF það er hægt að setja út á eitthvað er það kannski að þeir sem fóru í slökkvistarf í pittinum voru full einbeittir í því að kæfa bílaeldinn alveg niður og hunsuðu á sama tíma eld í olíupönnu þar sem reykur frá þeim eldi skyggði á klippivettvang. Björgunarstarf hefði því mögulega getað hafist fyrr þar. Ráðgjafi þurfti að benda mönnum á hinn eldinn og hvort það væri ekki sniðugt að slökkva hann sem fyrst.

Við klippivettvanginn í pittinum birtust nokkrir björgunarsveitarmenn rétt áður en byrjað var að bjarga fólki út úr bílflakinu en voru svo horfnir aftur þegar þörf var á þeim til þess að flytja slasaða af vettvangi."

Flugslysaæfing í nóvember á Keflavíkurflugvelli er kannski ekki sniðugasta hugmyndin. Þrátt fyrir að vera nokkuð heppnir með veður og rétt sleppa við storminn sem var á föstudeginum þá var rosalega kalt á meðan æfingu stóð. Það gekk þó vel að hafa leikara í skjóli og hita þangað til þeir þurftu að fara í sín hlutverk.

Þórir Gunnarsson Isavia

- Gekk allt nokkuð vel miðað við veðuraðstæður.
- Hafa æfinguna fyrr ... þetta er allt of seint með tilliti til veðurs, færðar og aðstæðna leikara.
- Skrifborðsæfingin gekk mjög vel og helda að æfingin í heild hafi gengið nokkuð vel.
- "Fyrsti þolandi fór ekki af vettvangi fyrr en ca. 45 mín eftir útkall.. bjargir hefðu mátt koma mikið fyrr inn á svæði sem var öruggt og tryggt.
- Við reykköfun í eldfugli vantaði stjórnanda fyrir utan sem hefur stjórn á því hverjir fara inn og hverjir eru á ""standby"".. einnig vantaði svolítið upp á að tekið væri á móti þolendum sem komið var með út úr fuglinum.. stundum voru þolendur í hálfgerðu reiðileysi þegar út var komið.. t.d. voru einu sinni þrír þolendur liggjandi á malbikinu í smá tíma og enginn yfir þeim."

Janus Jónsson Isavia

Sá um að setja upp vettvanginn sem tókst vel.

Klippivinnan á vettvangsæfingunni sem slökkvilið Suðurnesja sá um í pittinum gekk afar vel. Eiga hrós skilið fyrir góð vinnubrögð þar. Eftir að vinnu var lokið á seinni klippivettvang í pittinum þá hefðu mátt

vera fleiri björgunaraðilar á staðnum til hjálpa koma særðum út (þurfti að setja fólk á bretti og hífa upp í gegnum 2 bíla). Þar á undan þá var nóg af björgunarsveitarfólki en voru farnir þegar loksins kom að því að koma fólkinu úr brakinu. Kannski fullseint að halda svona æfingu um miðjan nóvember.

Grétar Karlsson Isavia

Ég var á SLY og var að rýna björgunstjórann.

Skrifborðsæfing gekk mjög vel í alla staði, fjarskipti góð, flæði gott og snjöll hugmynd að biðja um 40 tonna krana í seinna rennslinu, það reyndi á VST og AST.

Vettvangsæfing gekk heilt yfir vel, björgunarstjórinn náði frekar fljótt yfirsýn yfir vettvanginn (var vel hreyfanlegur), og fékk góðar upplýsingar frá bæði aðstoðarbjörgunarstjórum og líka vaktstjóra BS sem var á ""pittsvæðinu"". Svo var aðstoðarmaður hans á sexhjól og gat gefið upplýsingar um aðra staði á SLY. Vinna slökkviliðmanna á svæðinu við ""eldfluglinn"" var flott meðan að þeir voru að slökkva elda, reykkaða og klippa.

Vettvangsæfing; Ekki veit ég hvort það hafi verið fyrirfram ákveðið eða skipun frá björgunarstjóra en bílar 12, 13 og slökkvibíll frá Grindavík keyrðu allir í gegnum eld og reyk til að komast að ""eldflugli"". Næsti bíll sem kom fór að slökkva eld langt frá öllum og hafði ekki áhrif eða ógn að neinu leiti. Næsti kom bíll 7, ók í gegnum eld og reyk og stoppaði ca. 7-8 m frá eldinum. Þegar ég sá að áhöfnin fór að græja slöngur og svoleiðis stoppaði ég þá og lét þá færa bílinn enda bíllinn byrjaður að skemmast. Um kl. 11:18 kom fyrstu slökkvibílar á SLY, þá þegar var töluverður hluti vettvangs tryggur með marga þolendur, samt hefst bráðaflokkun ekki fyrr en kl. 11:44 og fyrsti þolandi er fluttur af SLY kl. 12:09. Meðan þetta var að malla biðu margar bjargir bæði í MÓT og hjá björgunastjóra. Kl. 12:20 komu síðustu bjargir á SLY eftir að bent væri á að nota þær. Alveg í lok æfingarnar kom beiðni um að leita að ""flugrita vélarinnar"" og voru þá settir björgunarsveitir í að leita nágrenni vettvangs en ekki leitað í brakinu þó svo að margir slökkviliðsmenn hafi verið verkefnalausir á svæðinu. Flugritinn fannst ekki áður en æfingin var blásin af." Það var alveg ljóst að þarna fóru menn of mikið eftir verklaginu, slökkva elda, tryggja vettvang, bráðaflokka og svo flytja þolendur. Stundum er bara hægt að gera þetta allt í einu með því að hluta tryggja vettvang, þar sem það voru þolendur á tryggu svæði, hafa eldur sem engin ógn var af og margir fjölbreyttir vettvangar.

Veigar Þór Guðbjörnsson Isavia

Mér fannst undirbúningurinn vera góður. Mér fannst skrifborðsæfingin ganga vel, smá hnökur í byrjun en gekk mjög vel þegar líða fór á æfinguna.

Vettvangsæfingin gekk nokkuð vel það sem ég sá og björgunaraðilarnir sem komu á minn vettvang stóðu sig mjög vel, vettvangurinn sem ég var með var klippuvettvangur við erfiðar aðstæður þar sem þurfti að fara í gegnum topp á bíl sem var innilokaður ofan í hólfi með háum veggjum í kring. Það þurfti að nota stiga og palla til að koma björgunaraðilum að og slösuðum úr aðstæðunum. Björgunaraðilarnir ræddu sín á milli hvernig væri best að framkvæma björgunina og gekk hún mjög vel. Mér skilst að Bjargirnar hafi verið nokkuð fljótar á MÓT en verið láttnar bíða þar mjög lengi og verið frekar seinar inn á slysavettvang því hafi flutningur á slösuðum byrjað mjög seint. Spurning um hver ástæðan sé. Góð æfing í flesta staði.

Álfheiður Svana Kristjánsdóttir Rauði krossinn

- Að venju er fræðsla góð.
- Engar athugasemdir sem bárust okkur til eyrna.
- Næg verkefni voru fyrir RKÍ á SSS-græna svæði.
- Við teljum rétt mat að hafa sleppt raunæfingu á SSA og fjöldahjálparstöð.
- Gott að hafa hjúkrunarfræðing í móttöku þegar sjúklingar komu inn á SSS-græna og mikilvægt að hafa heilbrigðisstarfsfólk þar inni.
- Enginn asi og fumlaus handtök einkenndu æfinguna.
- Gott að hafa hjúkrunarfræðing í móttöku þegar sjúklingar komu inn á SSS - það gekk vel í byrjun en þegar mikill fjöldi var kominn þá missti viðkomandi aðeins yfirsýn.
- Óljóst var hver var með farþegalista sem er afar mikilvægur þegar sameina þarf fjölskyldur og þá sérstaklega börn við foreldra/forráðamann.
- Áhöfn var inn á græna svæðinu og mátti ekki tala við þau en skemmtileg skýring var á því sem kom fram í lok rýni svo þetta telst ekki með :) [vegna mögulegrar rannsóknar á hryðjuverkum var þetta gert en slík hryðjuverkaógn var ekki í handriti]
- Út-skráningarborð var of langt inn á miðju gólfi svo auðvelt var að fara fram hjá því þegar sjúklingar voru að fara út.
- RKÍ sjálfboðaliðar voru beðnir um aðhlyningu sem ekki allir eru þjálfaðir í s.s. að spelka. Þetta er þó hvatning fyrir þau að sjá mikilvægi þess að taka langt og gott skyndihjálparnámskeið.
- Athugasemd kom frá gesti okkar en það var stoppað afar lengi á slysavettvangi svo gestum varð ískalt. Það hefði verið sniðugt að bjóða þeim að horfa úr fína gámaherberginu sem var með flott útsýni yfir vettvanginn.
- Icelandair er með eigin áætlun og þar er m.a. gert ráð fyrir SSA hjá þeim. Ég tel það góða hugmynd að þau virki SSA og RKÍ komi þangað inn þeim til stuðnings. Þau eru með farþegaupplýsingar sem eru mikilvægar í svona aðstæðum.
- Annars er Fly no more er fyrirmyndar flugfélag :)

Hermann Karlsson Almannaþingurinn

Almennt þá gekk undirbúningur vel að ég best gat séð. Ráðgjafi var staðsettur í aðgerðastjórn.

Á æfingu þessari var AST þétt setin. Aðgerðastjóri tók ákvörðun í upphafi að vera á "fæti" um svæðið sem var stór kostur fyrir hann í stað þess að vera við eitthvað ákveðið borð. Var með hlustun í eyra og hafði góða yfirsýn. Í AST voru 17 aðilar, 6 frá lögreglu, 2 frá svæðisstjórn, 1 frá BS, 3 frá HSS, 2 frá RKÍ, 2 frá Isavia, 1 frá flugrekanda.

Flæðið á framkvæmdaborðunum gekk vel fyrir sig, voru með sína bolta á lofti.

Í gang var komin lítilháttar áætlanavinna en ljóst er að mikið myndi mæða á þessum þætti ef raunverkefni kæmi af þessari stærðargráðu.

Teknir voru 2 stöðufundur í AST á meðan aðgerð stóð sem var nauðsynlegt.

Samskipti við fjölmiðla voru sett upp með skýrum hætti, sendar voru út tilkynningar og þá var lögreglustjóri klár til viðtala ef óskað væri eftir því.

Það voru 3 starfsmenn frá HSS sem sinntu heilbrigðisþættinum og gekk hann vel og var yfirsýn þeirra góð. Rafrænt skjal í gangi sem fulltrúi aðhlyningarstjóra skráði inn á og var unnið með áfram inn í AST og upp í SST.

RKÍ fylgdi því eftir að opnuð yrðu söfnunarsvæði fyrir aðstandendur bæði í Keflavík og Reykjavík. Kom þá í ljós að í áætlun flugrekstraraðila er að opna söfnunarsvæði í svona atvikum í Reykjavík og hafði hann þá þegar gert það þegar RKÍ fór af stað. Nauðsynlegt að upplýsingaflæði sé gott á milli AST og flugrekstraraðila og þekking sé á verkefnum hvors annars.

Á miðri æfingunni kom raunverkefni upp, Óvissustig-grænn, fyrir Keflavíkurflugvöll. Vel gekk að vinna með það samhliða æfingunni.

Á æfingunni kom upp atburðarás sem setti AST í talsvert uppnám, þegar einn af þolendum veitti upplýsingar til lögreglu um að mögulega væri um hryðjuverk að ræða. AST upplýsti SST um stöðuna og óskaði eftir því að RST yrði virkjað og tæki þann þátt föstum tökum sem var það eina rétta í stöðunni. Síðar kom í ljós að um "spuna" var að ræða hjá viðkomandi þolanda og hafði ekki verið gert ráð fyrir þessu tvisti inn í æfinguna, en viðbrögð AST voru hárrétt.

Flæðið innan AST gekk ágætlega og yfirsýn ágæt að því undanskildu að "bjargir" höfðu enga yfirsýn yfir þær bjargir sem komnar voru inn í verkefnið eða á leiðinni. Urðu að treysta á upplýsingar sem þeir gætu fengið hjá MÓT / flutningastjóra hverju sinni, sem voru samt takmarkaðar.

Fulltrúi flugrekstraraðila fannst hann afskekktur í rými AST, var inni í sal við hliðina, og hefði hann ekki náð að vera eins upplýstur um þróun mála líkt og hann vildi. Rætt var um að mögulega þyrfti að koma upp skjá / skjám í salnum við hliðina til að geta betur tengdur.

Tel að gott væri nú í lok þessarar haustæfingatarnar að þeir aðilar sem eru í efsta skipulagslaginu taki fund saman. Fari yfir ábyrgðir hvers og eins og taki samtalið um það hvar við stöndum og hvort að séu einhverjir angar sem þarfnast skoðunar. Mín skoðun er sú að það þurfi í upphafi hvers æfingasamtals að formfesta meira ábyrgðir og skyldur hvers aðila sem að æfingunni kemur.

Þorgerður Anja Snæbjörnsdóttir og Sigrún Guðný Pétursdóttir Heilbrigðisþjónusta

"Fjarfræðslan er góð, hefur komið vel út og dagskráin góð og skipulögð.

Við fórum og skoðuðum SSS með aðhlyningarstjórn, það var mjög gott.

Undirbúningsfundir ráðgjafa og æfingastjórnar skipulagðir og góðir. Hefði verið gott að hafa einn fund með öllu "föstu starfsfólki" SSS, þ.e. aðhlyningarstjórn, HSS og LSH.

Skrifborðsæfing: Gekk vel, vel sett upp og gott fyrir verkþáttarstjóra að hafa svigrúm til að æfa sig.

Vettvangs æfingin, á SSS: Gekk hratt og vel að setja SSS upp.

Aðhlyningarstjóri tók á móti nýjum hópum og kynnti sig og svæðið.

Svæðaskipting og flæði innan SSS var samkvæmt áætlun.

Gekk ásættanlega að halda hita á SSS með tjöldum fyrir dyrum og hitablásurum.

Gott og mjög mikilvægt að fá beddana frá RKÍ, munar miklu að sjúklingar liggi ekki á köldu gólfi.

Fjarskipti gengu vel.

Heildaryfirsýn á SSS var góð.

Áverkamat gekk vel.

Rafræn skráning í sérútbúið skjal gekk vel. Góð vinna sem hefur verið unnin þar og mætti endilega halda áfram. Frábært tækifæri til að halda utan um sjúklinga á SSS og til framtíðar fyrir AST og SST að sjá stöðuna í rauntíma og þannig hægt að minnka fjarskiptaálag.

Stjórnendur svæða voru skipaðir en hefðu mátt vera meira áberandi og jafnvel merktir, sömuleiðis birgðastjóri.

Fráflæði gekk ekki nægilega vel, vantaði hleðslustjóra. Gekk illa að fá flutningstæki, flutningsstjóri virtist ekki hafa yfirsýn yfir hvar tækin væru.

Upplýsingar frá slysstað voru mjög takmarkaðar, mjög takmarkaðar tölur komu úr bráðaflokkun og engar heildarniðurstöður. Hefði verið mjög gott að fá grunnvettvangslýsingu í byrjun þó að bráðaflokkun liggi ekki fyrir því það gefur ákveðna mynd af væntanlegum sjúklingum, t.d. margir kaldir úti, margir innilokaðir í reyk. Sjúklingarnir stóðu sig ótrúlega við í erfiðum aðstæðum.

Heilt yfir vel skipulögð og góð æfing.

6.3 Rafræn rýni allir þátttakendur

6.3.1 Það sem vel var gert

6.3.1.1 Fræðsla og undirbúningur æfingar

Það sem ég sá var mjög fræðandi

Góð fræðsla og vel auglýst.

Vel farið yfir æfingu og reynt að upplýsa alla mjög vel um æfingu

Góður undirbúningur, Handbókin vel sett

Vegna heimilsaðstæðna hentaði tímasetningin á kvöldfræðslunni illa. (Missti af byrjuninni báða daga). Fræðslan var góð.

Margt gott og áhugavert sem kom fram í fyrirlestrum/fræðslu fyrir æfinguna sjálfa sem gerði mann undirbúnari að takast á við verkefnið.

Ég komst sjálf ekki á undirbúningsfund en fékk gott rapport frá mínum hópstjóra.

Fræðsla var góð

Teams fundur með fulltrúum allra viðbragðsaðila.

Ágætt framboð af fræðslu.

Fundir og fræðsla góð, Undirbúningsfundir góðir

Frábært að fá fræðslu og æfingu daginn áður, sótti allt sem var í boði.

Ágætis fræðsla

Fræðsla fór mjög vel fram bæði hjá skipuleggjendum og hjá RKÍ fyrir sitt fólk.

Vel

Frábær undirbúningur með að halda fræðsluerindi á netinu í aðdraganda æfingar. Gott að fá uppl. rétt fyrir um það helst sent á einingar

Gekk vel að útdeila gögnum, flugslysaáætlun o.þ.h.

Góð fræðsla á vegum ISAVIA. Þess utan héldum við fræðslu fyrir starfsfólk af bráðamóttöku sem sótti æfinguna sem var einnig vel sótt.

Skipulagsfundirnir og fræðslan var mjög nytsamleg

Gekk vel að hafa fræðslu í fjarfundum

Flest á fundunum var hnitmiðað og gott (fim).

Mjög vel

Mjög góð kynning og fræðsla fyrir æfingu

Undirbúningur í sveitinni, aðgangur að skjölum sem kom í pósti t.d. skýrsla frá seinustu æfingu og viðbragðsáætlun

Mjög vel

Fannst allt ganga mjög vel og var líka virkilega fræðandi

Mjög flott

Allt, vel gert

Gekk vel

Hef lítið út á það að segja

Fín fræðsla og enn meiri fræðsla á setningu æfingarinnar

Allt gekk vel, allir vissu hvað myndi taka á móti okkur og hvaða áætlanir væri framundan

Vel haldið utan um umsvif aðgerðarinnar með fundum fyrir skrifborðsæfinguna.

Mér fannst fjölmargt í boði sem ég gat nýtt mér.

Vel undirbúið, fróðlegir og góðir fyrirlestrar.

Flottur fundur á TEAMS

Flott

Bæði fundum og fræðslu vel stýrt og var fræðandi

Gott að fá KEF 2024 handbókina.

Mikil þjálfun og umræða

Var ekki viðstaddur fundi vegna æfingar. En reglulegar og fjölbreyttar æfingar undirbúa okkur sem best fyrir aðstæður sem geta komið upp

Fékk góðar upplýsingar sendar í tölvupósti

Það var góð fræðsla áður en æfing byrjaði

Fékk engar upplýsingar og tók ekki neinn þátt í undirbúningi æfingar.

Teams fundur fróðlegur

Það sem snéri að okkur gekk mjög vel Haraldur stóð sig mjög vel með að gera og græja SSS (822)

Gögnin vel tekin saman og skýr.

Einnig gott að fá upptöku af fundunum.

Fundir voru fræðandi og skiluðu greinilegum árangri í fjarskiptum. Skrifborðsæfingin tel ég hafa verið mjög mikilvæga og hjálpaði til við að fá betri sýn á verkefnið sem framundan var.

Gekk mjög vel frábær björgunarstjóri á A vaktinni sem við höfum, fór mjög vel yfir æfingar með okkur Finnst vikan á undan með fræðslunni valkvæð, skemmtileg og fræðandi.

Gott að hafa fræðsluna á netinu. Sveigjanlegra og auðveldara.

Undirbúningur stjórnstöðvar fólst í því að skoða aðgerðaáætlun og samráði við bakvakt um framkvæmd ef til útkalls kæmi á meðan æfingu stóð.

Vel

Mikið um fræðslu fyrir æfinguna sem er afar gott

Allt mjög flott

Mjög vel, flott borðæfingin og sannar hún hvað það er mikilvægt að undirbúa svona æfingu vel.

Undirbúningurinn var flottur en það var vöntun á því að því var fylgt eftir sem var talað um á undirbúningsfundum.

Fórum frekar blint í þetta

Okkar innri undirbúningur

allt upp á 10

Undirbúningur gekk vel en lítil fræðsla var hjá okkur

Var ekki á undirbúningsfundum en fékk upplýsingar frá yfirmanni mínum.

Undirbúningur gekk vel, var tímalegur. Dagskrá, fundir og fræðsla skýr.

Fékk ekki fræðslu eða undirbúning

Ekki nógu vel fyrir dagvakt sem fylgir vaktinni sem var í æfingunni.

Fékk fína fræðslu og undirbúning á prentuðum skjölum í flugturni.

Vel að því sem ég kom að og var í raun bara table top æfingin.

Tók ekki þátt í undirbúningi en það var mín upplifun að mikið hefði verið lagt í hann.

Mjög vel, sveitin mín bauð uppá upprifjanir

6.3.1.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

SLY, vettvangur - samvinna mismunandi viðbragðsaðila, notkun á flugvallarrútum til flutnings slasaðra, búnaðargámur með teppum og börum

Samskipti og stjórnun.

Það sem gekk vel var stígandinn frá fyrstu skrifborðsæfingu þar til á vettvangsæfingunni. Gott samstarf var milli einingarinnar og heilt yfir var maður með góða yfirsýn yfir það sem var í gangi.

SSS var vel skipulagt. Aðhlyningarstjóri var duglegur að útdeila verkefnum. Einnig komu þyrluflugmenn til manns og óskuðu eftir burð út í þyrlu. Fjarskipti gengu vel.

Vettvangsæfing gekk vel

Vettvangsæfing. Samskipti við björgunarstjóra og vettvangsstjórn gengu vel fyrir sig sem og samvinna við þau sem voru að hlúa að fólki í SSS.

Fjarskiptaskipulag gekk vel, ágæt samvinna,

Verkefni gengu mjög vel samvinna mjög góð milli viðbragðsaðila

Skrifborðsæfing fannst mér frábær og þar með var maður vel undirbúin fyrir sjálfa æfinguna

Vettvangsæfing: Æfingin var mjög flott. Raunveruleg. Leikarar stóðu sig afar vel. Vel sminkaðir sem gerði æfinguna raunverulegri. Lærði heilmikið um flæði á vettvangi.

Allir gerðu sitt besta á sínum svæðum þrátt fyrir mikið álag.

Æfingin gekk yfir höfuð vel

Vel skipulagt

Vettvangsæfing - góð samskipti á AST, VST og Blár 2-0. Góð ákvörðunartaka AST.

Gekk vel í SST. Notkun á talningaskjali var að reynast vel og mætti útfæra betur og halda áfram að þróa.

Samvinnan

Fannst æfingin í heild sinni bara ganga vel, það litla sem ég sá á sss

Skilvirkni á SLY við að koma fólki til aðstoðar. Mikil frumkvæðisvinna á staðnum.

Fannst ganga síður á skrifborðsæfingunni en í verkefninu sjálfur

Æfing var góður skóli fyrir mig

Vettvangsæfing - eftir að okkur var úthlutað verkefni var mjög skýr verkefnaskipting á sss

Gott flæði

Fannst virkilega nauðsynlegt að hafa skrifborðsæfingu til að átta mig á hlutunum og svo gekk æfingin þá miklu betra fyrir sig

Sálrænn stuðningur gekk vel

Ég fékk skýr verkefni og sinnti þeim. Böruburður og fylgd frá flokkun og á lituð svæði. Ein líkamsskoðun og lífsmarkavöktun. Þetta gekk vel, fyrir utan eitt atriði.

Flott sviðsetning, gaman að sjá þetta í "raunverulegum" aðstæðum, öðlaðist góðan skilning á viðbragði við hópslysi og yfirsýn

Gekk vel að koma sér í önnur verkefni ef maður var settur í biðstöðu.

Skrifborðsæfingin var góð æfing á heildarskipulagi, æfingin sjálf gekk heilt yfir vel.

Vettvangsæfing: Mín upplifun er að flæðið hafi gengið nokkuð vel, að stýring bjarga inn á svæðið hafi gengið nokkuð vel. Ég fylgdi björgunarstjóra og ég upplifði að hann og aðstoðarmaður hans hafi haft skýra verkaskiptingu sín á milli sem hafi gengið upp.

Var ekki á skrifborðsæfingu. Vettvangsæfingin gekk að langflestu leyti vel frá bæjardyrum SST séð.

Fyrsta æfingin mín, fannst allt fara vel

Vettvangsæfing: hef bara sýn innan úr VST og þar gekk allt vel í heild sinni. Björninn var vel nýttur og ekki veitti af plássinu sem í honum er miðað við fjölda í VST

Vel skipulagt.

Vettvangsæfing, flutningur á slösuðum einstaklingum

Vettvangsæfing- Heilt yfir gekk allt vel við erfiðar aðstæður, vorum of fáir. Samskipti og samvinna milli reykka fara voru góð.

Flugslysæfingin/vettvangsæfing, gekk vel í heild, allt sem klikkaði er líklegt til að klikka í raunveruleikanum. Vöntun á greiningaspjöldum og slíkt.

Virtist vera vel mannað, nóg fólk og búnaður. Ekki viss um að það sé svona mikið af mannskap svona fljótt tiltækt ef kemur til raunverulegs flugslyss en þátttakendur höfðu þá vonandi gagn af.

Góð samvinna.

Góð mæting. Nægilegar birgðir. Einfaldari samskiptasamkomulag en árin á undan.

Samskipti gengu vel, smá örðugleikar í byrjun æfingar þar sem við í vettvangsstjórn vorum komin með yfirsýn yfir vettvang og var slökkvistarf hafið og ekki búið að tilkynna að vélin hefði hrapað. Það gekk vel að skipta niður verkefnum á starfsmenn í VST.

Samstarfið milli flugvallapjónustu og aðrar bjargir fannst mér ganga vel sem og fjarskipti

það var vel haldið utan um alla á æfingunni, ráðgjafar og umsjónarmenn leikara. Fagna því.

Starfsfólk stjórnstöðvar LHG tók ekki þátt í skrifborðsæfingu. Gekk almennt vel. Allt sett á bið á meðan óvissustig stóð yfir vegna vélar með bilun í lengdingarbúnaði.

Mjög gott skipurlag á SSS

Æfingin gekk mjög vel og allir meðvitaðir um sitt hlutverk. Samskipti voru góð.

Skipulag og framkvæmd flott frá mér séð

Ég hef ekkert nema gott um æfinguna að segja.

Vettvangsæfing: Nýja skipulagið með talhópa virtist ganga vel, þótt okkur hafi verið beint á vitlausan talhóp á leið á SLY. Alltaf nægur mannskapur virtist vera á staðnum en það vantaði meira utanumhald og yfirsýn hjá stjórum.

Gekk hratt fyrir sig. Var mjög flott æfing

Samstarf/ fjarskipti við björgunarstjóra.

það var mjög góð viðbót fyrir APOC að fá virka hlustun á AST2 og VST2 og blár 2

Samskipti við þá sem hleyptu bílum yfir brautir var mjög gott og einnig við viðbragðsaðila

Fannst allir standa sig mjög vel í sínu. Fannst turninn standa sig vel þegar kom raunverulegt óvissustig.

Vettvangsæfing.

Fannst mjög gott að hafa verði við brautir og kross-akbrautir.

Upplýsingaflæði var allt annað við að nota Ast-2. Þar var kvittað fyrir móttöku skilaboða og við heyrðum einnig hvað var að gerast þannig að situational awareness var miklu betra en áður (á kef crash tíðninni hefur bara verið þögn).

Samskipti við stjórnanda góð fyrir æfingu, mjög gott að fá bækling og handrit. Auðvelt að átta sig á hlutverkinu.

Samskipti á nýrri tíðni AST2 gekk mjög vel. Samskiptaleiðir turns og þess í AST gengu vel, nýttum teams og símtöl. Spurning hvort þörfin sé enn til staðar fyrir ATCO að vera í AST eða nóg að samskipti fari fram á AST. Þurfum að skoða innanhúss.

Gekk bara heilt yfir vel.

Ágætis flæði á mannskap.

Frá mínu sjónarhorni virtist allt saman ganga vel.

Fannst allt sem ég sá ganga vel.

Vettvangsæfing, stýring inn og út af svæðinu var til fyrirmyndar

Það tókst vel að gera slysstaðinn raunverulegan

6.3.2 Það sem betur hefði mátt fara

6.3.2.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Á þriðjudeginum ætlaði ég mér að koma aðeins seinna inn í fyrirlesturinn, en fundurinn var lokaður og það þurfti að biðja um aðgang. Ég bað um aðgang og beið heillengi en aðgangurinn var aldrei samþykktur svo að ég missti alveg af öllum fyrirlestrinum, ég spurðist fyrir um link af upptöku en enginn var með hann

engar athugasemdir

Fræðsla fyrir nýliða (stóðu sig samt allir með þrýði)

Ekkert sem ég get talið upp

Mikil og góð fræðsla en stundum var hún langdregin.

Ég komst sjálf ekki á undirbúningsfund en fékk gott rapport frá mínum hópstjóra.

Skýrara hvert maður sendir á ef maður fær ekki sms fyrir æfingu

Stilla rannsóknardeild lögreglu betur saman í aðdraganda æfingarinnar.

Fræðsla hefði mátt vera fyrr um daginn.

Ekkert sem kemur upp í hugann.

Netnámskeið mættu vera aðgengileg allan ársins hring á einhverju góðu svæði

Láta aðhlyningar stjórnanna vita þegar heilbrigðismenntaðir einstaklingar eru í öðrum hópum til að geta gripið í ef vantar á SSS, sjálf var ég færð af græna svæðinu á það rauða vegna menntunnar.

Ekkert sem mér dettur í hug

Ekkert vel að öllu staðið

Skýrari upplýsingar fyrir fram hvaða þættir væru í raunveruleikanum, t.d. að þyrlur LHG væru að koma í alvöru en ekki hluti af leiknum.

Til fyrirmyndar

Ekkert sem mér dettur í hug

Dagskráin í fræðslunni var frekar þétt setin og ýmislegt sem að mér þótti ekki mikilvægt. Það var til dæmis farið upp 5 sinnum yfir SÁBF í mismunandi fyrirlestrum og það var ekki beint mikilvægt fyrir æfinguna að vita hvernig þyrlan sækir sjúkling á skip. Það vantaði meira af praktískum atriðum um æfingum.

Ekkert kemur til hugar - nema þá nokkrar æfingar í "Share my screen" fyrir fund... :p

Allt til fyrirmyndar

Boð kom seint til margra munar nokkrum mín milli æfingabúðum í sms

Dettur ekkert í hug

Gera ráð fyrir sálrænan stuðning fyrir áhöfn

Engar athugasemdir

Ekkert

Veit ekki

Allt mjög fínt

Setning æfingar var heldur löng þó margt hafi verið áhugavert

Hefðu mátt taka með okkur gasgrímur, en annars vorum við vel undirbúnir

Skipulag á tímasetningum aðgerða.

Kom ekki auga á neitt.

Ekkert sem mér dettur í hug.

Flutningur / flutningsteymi frá SSS til eininga t.d. þyrlu var ekki til staðar í byrjun og var ábótavant.

Það má alltaf gera betur.

Ekkert sem ég tók eftir.

Hefði af því að fráflæði slasaðra hefði mátt ganga hraðar og mátt vera skipulagðari.

Ekkert eitt sem betur má fara.

Svar við spurningu á líka við hér.

Ekki hugmynd.

Ekkert

Upplýsa og hafa flugáhafnir LHG með. Ef LHG tók þátt þá skilaði það sér ekki til þyrluáhafnar frá LHG.

Skerpa á hlutverki gæslumanna.

Styttri tími í að undirbúa SSS með meiri fyrirvara.

Fundur of langir. Dagskrá of þétt í viku rétt fyrir æfingu, má dreifa undirbúning í tíma til að ná betri árang.

Ekkert athugavert

Ekkert

Ekki dómbær á það /ekki með reynslu til að meta það

Fyrirvari heldur stuttur inn á borð stjórnstöðvar LHG

Ekkert hægt að setja út á það

Hef ekki skoðun á því

Ekkert

Vel heppnað í alla staði.

Skýrari dagskrá á fundunum, sérstaklega föstudags.

SSS var frekar illa merkt.

Óskilvirk fræðsla til nýrra þátttakenda.

ekkert sem mér dettur í hug

Það hefði mátt fara betur fyrir umferðareglur á vellinum hjá þeim sem voru að aka yfir flugbrautir

Fékk ekki mikla fræðslu fyrir æfinguna og vissi í rauninni ekki mikið hvað var að fara að gerast. Fékk lítinn bækling sem var ekki mjög ítarlegur og lítið talað um hvernig þátttaka turnsins væri. Hefði kannski verið sniðugt að búa til sér bækling fyrir flugturninn? Með okkar áherslum og markmiðum í æfingunni. Drög að handriti hefði mátt koma fyrir. Einungis til að geta tekið betri umræður með þeim sem stóðu vaktina. Gátum ekki sent fólk á skrifborðsæfinguna þar sem mannaskapur var tæpur.

Meiri upplýsingar til dagvaktar.

Boða aðila frá flugþjónustufyrirtækjum í AST eða jafnvel flugfélögum sem eru íslensk á table top æfinguna.

Get ekki fundið að neinu.

6.3.2.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Vettvangsæfing

Sveitir af sv1 biðu heillengi í móttöku Bjarga eftir í rauninni ekki neinu, eftir að hafa verið kölluð frá ytri mót

Hálfgerður troðningur og skipulagsleysi var á SSS þar sem þar voru allt of mikið af björgum. Þegar okkur var loksins úthlutað verkefni í móttöku bjarga vorum við ásamt öðrum hópum send á SSS og beðin um að kalla í Aðhlyningarstjóra, fyrst voru hópar beðnir um að biða fyrir utan SSS. Eftir smá bið fyrir utan SSS kallaði annar hópur á sama stjóra sem svaraði ekki kalli í Tetra, var svoleiðis heillengi þar til við vorum kölluð inn. Þegar komið var inn á SSS var stappað þar inni. Gáfum okkur fram, tekið var niður fjölda í hóp en ekki gefin nein verkefni. Á meðan við bíðum eftir verkefni vorum við bara fyrir.

Seinna vorum við beðin um að skipta hópnum upp þar sem annar hluti færi með græna á HSS. Okkur beint á að gefa okkur fram við annan einstakling sem kom svo ofan af fjöllum og vissi ekki af því að flytja ætti græna af SSS og á HSS. Dálítill tími fór í að finna einhverja græna sem gætu komið með okkur eins og það væri í rauninni bara verið að finna eitthvað að gera. Kölluðum til flutningsstjóra að við værum að fara með 5 græna á HSS en það hefur ekki skilað sér á HSS þar sem að þau vissu ekki af neinum sem ætti að vera að koma. Þurftum að banka á hurð til þess að fá móttöku Heyrði af því frá öðrum að það hafi vantað bjargir á SLY, en á meðan sú vöntun var til staðar voru allt of margir á SSS og margir í erfiðleikum að finna sér verkefni og voru í rauninni fyrir þeim sem voru með verkefni.

Vantaði bráðaflokkunarspjöld á suma

Ekki skráð niður búnað hópa eða getu hópa til þess að sinna ákveðnum verkefnum

Hópum bent á að skrá sig ekki í AST aðgerð og að VST aðgerð í aðgerðagrunni yrði stofnuð. Sú aðgerð var á endanum stofnuð en var lokuð fyrir almennum aðgöngum. Bentum á þetta en ekkert gert í því.

Enduðum á að skrá okkur í AST aðgerðina þar sem annað var ekki hægt

Lítið af SL björgum á SLY

SLY, vettvangur - björgunarstjóri líklega of langt frá stórum og flóknum vettvangi. Hefði verið gott að hafa aðstoðar mann hans eða annan stjórnanda inn á sjálft skaðasvæðið til þess að taka á móti björgum og leiðbeina á rétta staði.

Mætti hafa Stæðisúthlutun Isavia og Flugturn innvinklaða í umræðunni um að Stæði 109 - 111 eigi að vera stæðin sem eru nýtt fyrir sjúkraflug og þyrlurnar.

Einhvern hluta vegna var þeim úthlutað stæði 107 - 108 sem breytti 50 metra göngutúr í 200-240 metra akstursferð

Gæslustjóri var ekki með mikinn mannskap til að byrja með og illa gekk að fá fólk til liðs við gæslustjóra á æfingunni, en mögulega var það vegna samskiptaleysis í mót að þær bjargir sem óskað var eftir í gæslu á SLY/SSS bárust okkur ekki.

Þá var einnig smá hnökrar í byrjun á SSS í talningu sem ég leiðrétti þegar ég komst loksins á SSS.

Það vantaði bráðaflokkunarspjöld á slatta af sjúklingum.

Vettvangsæfing gekk vel

Hlutverk rannsóknardeildar lögreglunnar breyttist töluvert þegar tilkynnt var lögreglu að vélin hafi verið sprengd upp af manni sem náði að komast inn í flugstjórnarklefan, að þetta hafi borið að með saknæmum hætti. Einnig fylgdi með lýsing af meintum geranda og sagt frá hugsanlegum samverkamanni sem átti að vera flugmaður. Hlutverk rannsóknarlögreglu snérist þá um að tryggja öll möguleg sönnunargögn á vettvangi og flugmennirnir komnir með stöðu sakbornings og varð að tryggja þá á SSS og þá sérstaklega að þeir næðu ekki að tala saman. Á sama tíma hófst vinna við að reyna að finna meintan geranda. Þetta kallaði á mikil fjarskiptasamskipti við VST því mikið lá við að finna meintan geranda.

Í ljós kom á rýnifundinum eftir æfinguna að 2 leikarar skálduðu þetta upp á vettvangi og var aldrei í handritinu. Tryggja þarf að leikarar geti ekki og mega ekki koma upp með svona spuna.

Tryggja að rannsókn lögreglu hafi sér fjarskipti sem er hægt að nýta í svona krefjandi fjarskipti og urðu hjá lögreglunni í þetta skipti.

SSS er ekki nógu stórt og kynding ekki til staðar

Boðun viðbragðsaðila. Aðilar sem komu lengra að komu alltof fljótt inná sjálfan vettvang. Til að nálgast raunveruleikann verðum við að hafa örlitla seinkun á björgun sem koma frá öðrum svæðum

Gekk bara frábærlega

Vettvangsæfing: Hópar sem komu á vettvang voru margir hverjir ekki með sjúkrabúnað á sér og þurftu að fara og sækja sjúkrabúnaðinn í bílinn sem tafði meðferð sjúklinga.

Samskipti milli hólfra á SSS var ekki góð og voru einstaklingar að fluttir af björgunarmönnum af slysstað og inn á rauða svæðið án þess að fara í gegnum greiningu og voru því starfsfólk þar að eyða tíma í fólk sem ekki átti að vera þar.

Það voru alltof fáir hjúkrunarfræðingar/læknar á rauða svæðinu og misstu þau alla yfirsýn þrátt fyrir að hafa mig til að skrifa niður um hvern og einn.

Talning virtist ábótavant

Samskipti við APOC á vettvangsæfingu. Óskað eftir stæði fyrir 2 þyrlur LHG sem komu en svo óskað eftir stæði fyrir sjúkravélar sem komu ekki. Burtséð frá æfingu þá erum við með rekstur og verðum að vita hvað er alvöru og hvað ekki.

Talað var um í hópnum frá bráðamóttöku að lítið samræmi hafði verið í áverkum/áverkalýsingu sjúklinga og lífsmörkum/þróun lífsmarka. Mætti kannski ráðfara sig við heilbrigðisstarfsfólk þegar kemur að þessu?

Dreifing hjúkrunarfræðinganna var ekki nógu góð og hefðum þurft hjúkrunarfræðinga með yfirsýn á hverju svæði í svona stóru slysi.

Hefði mátt vera ögn betra innra skipulag á sss varðandi úthlutun verkefna en annars tók ég ekki eftir neinu sérstöku

Óskýrt hvaða verkefni maður átti að taka að sér eftir að upprunalega verkefni sem ég var settur í var lokið

1. Björninn hefði átt að fara strax til MÓT í stað þess að bíða á söfnunarstað (Straumsvík). Þessu mætti þess vegna breyta í ferlinu, því Björninn fer hægt yfir og á lítið erindi á söfnunarsvæðið (Straumsvík). 2. MÓT þarf ekki að kalla inn björgunarmenn til baka í MÓT nema það séu aðkallandi verkefni þar. Slökkviliðsstjóri sneri okkar hóp við á SLY til að sinna vettvanginum og meinaði brottför frá SLY á MÓT (sem var vel skiljanlegt). 3. Fræðileg spurning: Hefði þurft bjsv fólk á "útkikki" með sjónauka ef sjúklingar væru ráfandi ?

Skala verkefnið aðeins, meiri lærdómur í því

Mætti stækka svæði gult rautt og grænt

Það var þröngt á græna svæðinu

Vettvangur - hefði mátt úthluta verkefnum til hópa fyrr - færa hópana úr bið á Patterson á Mót fyrr í ferlinu

Dettur ekkert í hug, að mínu mati gekk vel

Ég fékk flugstjórnann, rauðflokkaðan með mesta forgangi og átti að fara beint úr húsi en fékk ekki flutning fyrir hann - úr húsi. Enginn bíll kom. Það var löng bið eftir því, kannski barst þetta ekki til stjórnanda flutninga en björgunarstjóri vissi af tilfellinu og teljararnir og fyrirmælin voru að láta björgunarstjóra vita. Á sama tíma var flugstjórnin ítrekað yfirheyrður af lögreglu, oft um sama (hverjir voru í klefanum), og greinilega skoðun í gangi á hvort þetta væri réttur aðili. Hann var spurður hvort vildi blása og blóðsýni væri metið. Ég fékk ekki heldur að fara með hann á rauða svæðið, enda þótt rauðmerktur, fyrsti forgangur. Ég tók sjálfur líkamsskoðun og fulla lífsmarkaskráningu eftir það. Það var lögregluþjónn stanslaust á vakt við flugstjórnann, til viðbótar við þann sem yfirheyrði hann. Sá leyfði ekki heldur að flugstjórnin væri tekinn fyrir á rauða svæðinu. Við stóðum við rauða svæðið með hann, sjálfsagt í hálf tíma. Eftir á lítur þetta út eins og ætti að láta stéttarfélag flugmanna vita af tilfellinu. Annar flugmaður (líklega hinn, veit ekki um fleiri) fór strax út. Furðulegt mál.

Vettvangsæfing

EKKI allir með á hreinu boðleiðir á ytra biðsvæði bjarga .. tók tíma

Aðgerðarstjórnendur af h.bsv. hefði mátt nýta betur t.d. í talningu eða öðru

Fannst það hafa mátt nýta okkar björgunarteymi betur, vorum t.d. með bíl sem hefði getað ferjað sjúklinga frá SLY að SSS.

Söfnunarsvæði slasaðra

Sá varla aðhlyningastjóra alla æfinguna

Eða kom að minnsta kosti ekki auga á hann

Of fáir hjúkrunarfræðingar

Of margir "slasaðir" að taka upp snapchat og myndbönd og dattu út hlutverki sínu à meðan

Fann engan sem vissi hvernig átti að aðstoða við að finna "týndan aðstandanda"

Óskýrt þegar fólk var flutt á milli svæða .. hver átti að sjá um það? Var beðin að koma sjúklingi af grænu yfir á gult svæði..

hjúkrunarfræðingur hefði mátt klæðast skærara vesti.. erfitt að koma auga á hana í fjöldanum í rauðu vesti innan um alla aðra í rauðu vesti á svæðinu..

vantaði einhvern til að taka á móti fólk á svæðið og vísa á stól eða bekki.. byrjaði vel en eftir því sem að fjölgaði þá fór það system í rugl þar sem allir voru að sinna svo mörgum

Bottom line, .. of fáir á svæðinu til að sinna fjöldanum

Ég sá um flugstjórnann um tíma, og var hann Rauður, það hefði mátt koma honum fyrr í flutning að mínu mati og lögreglan frekar yfirheyrt hann á leiðinni frekar eða jafnvel þegar hann mætir á sjúkrahús heldur enn að koma honum í verra ástand með því að stoppa flutning vegna rannsóknarhagsmuna. Þar sem hann var að detta úr V í "VÁSE" yfir í Á á fljótum tíma.

Á æfingunni sjálfri hefði þurft að skerpa á handriti fyrir leikara og taka fyrir allan spuna, eins spaugsamlegur og hann reyndist.

Vettvangsæfing: Eftir á heyrði ég að það hafi verið hópur fólks utan hættusvæðis sem hefði mátt bjarga fyrr af vettvangi. Ég heyrði ekki af þessum hóp fyrr en eftir á. Ég upplifði að aðkoma slökkvibíla FVP hafi verið sérstök, s.s. með reyking í fangið. Þrengsli á vettvangi gætu hafa skapað það ástand, ég er ekki alveg viss. Óvissustig setti vissulega suma hluti úr skorðum eins og talningu slasaðra af vettvangi.

Var ekki á skrifborðsæfingu. Eina á vettvangsæfingunni sem hefði mátt ganga betur er að útkoma úr bráðaflokkun hefði mátt skila sér betur til SST. Fengum í raun mjög litlar upplýsingar þangað til áverkamat lá fyrir.

það vantaði flutningsteymi og skipulag á sjúklingum sem flytja átti frá sss í flutningseiningar.

Hefði mátt slepp því að brjóta putta

Vettvangsæfing: Björninn á ytra biðsvæði bjarga, fjarskipti á Blár 2-0 þá óskar vettvangsstjóri eftir Birninum. Boðleiðin er VST-AST-SST-Ytra Biðsvæði. Engin beiðni um bílinn fyrr en rúmlega 25 mín síðar eftir að ytra biðsvæði var búið að kalla ítrekað í SST á Blár 1-0 án svara, kallað inn á Blár 2-0 (framhjá kerfinu) og upplýst um að bjargir væru á ytra biðsvæði og þar á meðal Björninn en bjargir yrðu afgreiddar eftir réttari boðleið. Endaði svo með því að Björninn var boðaður. Möguleg skýring á þessu er annað hvort var SST ekki virk eða ekki hlustun á Blár 1-0. Vitum ekki hvort AST óskaði eftir honum strax við SST. Hefði alvaran verið á ferð er spurning hvað áhöfn Bjarnarins hefði átt að gera vitandi að búið væri að óska eftir bílnum en boðleiðin brotnar, bíða eða fara af stað í Mót :-). Með svona mikilvægt tæki eins og Björninn er fyrir VST er spurning hvort ekki eigi að skrifa hann inn í beinu ferli framhjá ytra biðsvæði og beint í Mót á hættustigi því ef Straumsvík er ytra biðsvæði tekur það bílinn að keyra þar sem hann er hraðabundinn sem og hann myndi valda truflun á forgangsakstri bjarga úr Straumsvík færast aðgerðin óvænt á Neyðarstig. Yfirfærsla VST á milli bifreiða við að Björninn mætir á vettvang er best sem allra fyrst til að stjórnun gangi sem best. Miðað við stærð Bjarnarins veitir ekkert af þessari stærð værum við í alvöru atviki á Neyðarstigi. Þakka þeim sem lásu, góðar stundir :-). (hjúkk að þetta er ópersónugreinanlegt) :-)

Vettvangsæfing, að fá flutning frá flaki

Vettvangsæfing gekk vel.

Það virtist algerlega gleymast að hafa sjúkraflutningamenn tiltæka eða boðaða til að flytja sjúklinga, eftir greiningu frá Söfnunarsvæði í flutning á sjúkrahús. Þar var þó nokkur óreiða. Hugsanlega hefur verið gert ráð fyrir að þyrluáhafnir myndu taka við sjúklingum á SSV en það er ekki raunhæft og hefði komið fram við undirbúning hefði samráð við flugdeild LHG verið betra.

Vettvangsæfing - Þyrlur hefðu geta verið nær söfnunarsvæði slasaðra. Sjúklingar voru að koma frá mismunandi stöðum að hlaðinu þar sem að þyrlurnar voru langt í burtu og nokkrir vegir að hlaðinu.

Erfitt að tryggja greiða leið að þyrlunum þegar sjúklingar eru að koma frá mismunandi leiðum sem liggja út frá söfnunarsvæðinu.

Ekkert athugavert.

Stjórnendur í heildinni voru ekki alveg að standa sig - maður átti von á strangari stjórnun, alveg nauðsynlegt á svona æfingu. Manna- og bílabirgðir sem nýtist ekki á fullu. Klúður í Tetra samskiptum - fyrirmæli á röngum rásum. Óskýr fyrirmæli, hópar áttu mikið að finna sér verkefni sjálfir. Get ekki ímyndað mér hvernig væri kaósið í alvöru slysviðbrögðum.

Vettvangsæfing: Það sem sneri að okkur (Rauða) er að við (og aðrir) þurfum að fá betri ramma hvað okkar hlutverk er á græna. (eigum við að spelka fólk t.d. ?) Við sjálf hefðum mátt fara betur yfir hvert hlutverk hvers og eins er á SSS frábrugðið fjöldahjálparstöð. En æfingin er góð í að koma auga á það og að það eru kannski ekki allir færir að vera á SSS sem eru það í fjöldahjálparstöð. Vantar að geta stúkað fólk betur í sundur á græna t.d. áhöfn frá öðrum farþegum.

Á vettvangsæfingu þótti starfsmönnum heldur mörg mál opin í aðgerðagrundi (AST, VST, SST og mál TFB) og þörf fyrir okkur að bóka í 2 mál (stjórnstöðvar (TFB) og SST).

Vettvangsæfing: Stjórnarnir notuðu of mikið af Flugvalla língói þegar var verið að senda Björgunarfólk í hlutverk (t.d. FES-7) án frekari eða greinilegri skýringa hvað var verið að tala um. Inná SLY vantaði alveg einhverjar hendur og augu Björgunarstjóra, sem var 500 m frá SLY, til að beina fólki að verkum þar sem þörf var á.

Á SSS var Aðhlyningastjóri að taka á móti fólki og beina þeim á rétta staði (sem var mjög gott) en virtist ekki vera með yfirsýn yfir það sem var að gerast innan lituðu svæðana á SSS.

Eitthvað rugl var á talhópunum miðað við það sem var talað um í undirbúning og voru til dæmis bjargir af svæði 1 í ruglingi þar sem undirbúningur sagði Blár 1-0 (Patterson) meðan útkallsboð sagði Blár 2-0.

Betri samskipti og betri merkingar inná vellinum

Björgunarstjóri var of langt frá innri vettvangi

ekkert sem mér dettur í hug

Eins og ég var búin að skrifa hér að ofan þá hefði mátt fara betur yfir umferðarreglur hjá þeim sem voru að aka á vellinum, lentum í því í tvígang að bíll ók yfir án þess að fá leyfi

Við í flugturninum vantar aðgang að grunninum sem allir voru að nota. Við erum ekki með aðgang. Við vorum ekki með hlustun á AST, nema alveg í lokinn. Finnst við þurfa betri aðstöðu í aðgerðarstjórn. Einnig þarf einhvern manual fyrir okkur í aðgerðarstjórninni þar sem það getur verið að við sendum ATCO sem hefur aldrei áður farið í aðgerðarstjórn, þá er gott að vera með einhvern manual sem maður getur unnið með og fylgt. Má líka breyta hvernig upplýsingaflæðið er á milli ATCO í aðgerðarstjórn og aðalvarðstjóra í turninum, ef það er áreiðandi þá hringja en annars er hægt að senda í gegnum TEAMS. Gátum ekki sent fólk á skrifborðsæfinguna þar sem mannaskapur var tæpur.

Æfing: Bílaumferð um fyrirfram ákveðna akstursleið, tvö atvik þar sem farið var yfir braut/yfir rauða stöðvunarslá. Mögulega hefði þurft að kynna betur fyrir aðilum hvað það þýðir eða varða leiðina öðruvísi.

Erfitt að komast að í talstöð með upplýsingar til björgunarstjóra.

Það voru örfá atvik varðandi bifreiðar sem óku yfir flugbraut. Hefur etv. verið vel kynnt. Alltaf einhverjir sem eru ekki alveg að kveikja.

AST, þeir sem koma frá flugfélagi eða þjónustuaðila þurfa að vera nær aðgerðastjóra og heyra það sem er í gangi og vera þannig fljótari að bregðast við.

Vettvangsæfing.

Mögulega hefði hægt að hafa einn stað eða aðila sem stýrði því hvern ætti að flytja næst og hvert af söfnunarsvæði slasaðra. Eftir að áverkamatinn var lokið.

Ég var björgunaðili sem kom fljótlega á vettvang eftir bráðaflokkun og mitt hlutverk var að dreifa börum og teppum og var látin vera í talhópi flutningsaðila. Á vettvangi var mjög óljós stjórnun og frekar mikið kaos. Ég fékk á tilfinningu að enginn hefði fengið það hlutverk að hlúa að sjúklingum þar til þau fengu flutning. Með tímanum var sjúkraflutningakona sem tók að sér stjórn að ákveða hvaða sjúklingar færu

hvenær af slyssað. Hún stóð sig frábærlega. Ég var ekki á talrás björgunarstjóra og varð ekkert vör við hans aðkomu.

6.3.2.3 Annað sem viðkomandi vill koma fram

Margt sem gekk ágætlega en mjög mikið sem að má bæta, bæði í undirbúningi/fræðslu en ekki síst sjálfur vettvangsæfingunni. Illa var farið með bjargir.

Takk fyrir góða æfingu og tækifærið til þess að halda þekkingunni við.

Mætti líða styttra á milli svona stórra æfinga

Bara vill hrósa öllum sem koma að þessari æfingu.

Flott fræðsla fyrir æfingu. Mér fannst það standa upp úr.

Hlakka til næstu æfingar

Ég vill bara hrósa skipuleggjendum fyrir flotta æfingu.

Frábær æfing og má halda oft

Mætti hafa æfingu aðeins styttra en 4 ár

Ég hef ekki fengið upplýsingar um hvar ég get nálgast óskilamuni sem féllu óhjákvæmilega til á æfingunni. Eflaust hafa hópar ungliðadeilda, bj. sveita, almannavarna, KEF, HSS, Rauða Krossinum, og annara í einhverjum tilfellum tekið slíkt saman, en þessir hópar skarast á meðan á æfingu stendur og best væri að allir gætu séð upplýsingavettvang óskilamuna.

Mjög spennandi að taka þátt og ótrúlega flott hve allt virtist ganga vel og kerfisbundið.

Er til að fara á aðra æfingu og ??? Hvort einingar stofni skyndihjálparhóp.

Þannig þegar einstaklingur kemur á t.d. grænasvæðið þá er gott að skyndihjálparhópur byrjar á fyrsta viðbragði og miðlar upplýsingum til hjúkku og lækna

Mjög góð æfing, gott fyrir björgunarsveit að æfa með svo mikið af fagfólki

Mjög góð æfing og gott að vita að svona æfingar fara fram til að bæta viðbragð og verkferla, gaman að fá að spreyta sig

Hlakka til næst, alltaf gagnlegt að halda svona samæfingar.

Takk fyrir mig :)

Ég myndi vilja sjá einhverslags útfærslu af svona æfingu í smærri útgáfu, einu sinni á ári.

Mér fannst frábært að fá og geta tekið þátt í æfingunni, við æfum oft fyrir einangruð og minni atvik. Að fá æfingu af þessari stærðargráðu sýnir manni svolítið hvað getur gerst og hvað maður gæti þurft að vinna við.

Leikararnir voru alveg frábærir sem og björgunarstjóri sem mér fannst hafa góða stjórn á vettvanginum.

Ég var eingöngu við einn vettvang en fannst uppsetning æfingarinnar mjög flott.

Vonandi mæta allir sem vettling geta valdið ef raunverulegt ástand skapast.

Varðandi raunatvik á neyðarstigi: Tökum dæmi um flugslys í eða við flugbraut má búast við mikilli netnotkun á farsímakerfum af almenningi í og við Leifsstöð, nágrenni vallarins, ýmis streymi bæði fjölmiðla og samfélagsmiðla. Við það getur skapast álag sem takmarkar afkastagetu gagnaflutnings til og frá VST/Birninum eða annarra stjórnstöðvabíla. Hægt er að koma upp örbylgjulinkum miðsvæðis á velli (t.d. turn) þannig að stoðeiningar geti tengst þangað og komist inn á "vírað/ljósleiðara" net og vera þannig óháð farsímakerfum. Þessi uppsetning gæti verið t.d. í Kef og Rvk og jafnvel þannig að turn virki það við atvik og prófanir. Með þessu móti lendum við ekki í óvæntu atviki í raunveruleikanum sem ekki kemur fram í æfingum.

Mjög kalt á sss

Fyrir þyrluvakt er nánast ekkert gagn af þessari æfingu en ef aðkoma þyrlunnar hjálpar við þjálfum og æfingu annara þá er það sjálfsgott. Fyrir þyrluna að fara útsýnishring með fólk þá er það gagnslaus "æfing" fyrir þyrluáhöfnina.

Góð og öflug æfing þar sem allir voru að gera sitt besta og vona að við gerum aldrei neitt annað en að æfa okkur.

Takk fyrir mig.

Takk fyrir frábæra æfingu, var í fyrsta sinn sem ég tek þátt fyrir aðra aðila en björgunarsveitir.

Bara flott æfing eins og alltaf

Alveg nauðsynleg æfing. Vel skipulögð í heildinni. Takk fyrir okkur!

Ég steig inní skipulagningu sjúkraflutninga á innri vettvangi. (Óumbeðinn) Taldi það hafa bætt skilvirkni fráflæðis slasaðra. Fulltrúi björgunarstjóra hefði mátt vera í mínu hlutverki en samskipti/fjarskipti gengu samt vel.

Ekki sáttur með vettvang í eldfugli, mátti ekki reykræsa, var sagt að þetta var lokað rými.

A.T.H. Öll okkar kennsla miðast við að gera lífvænar aðstæður fyrir einstaklinga inn í flugvél. OPNA alla útganga þegar við komum að þeim inní flugvél.

Mest megnis gekk allt mjög vel og samskipti voru mjög góð

Finnst svona æfingar nauðsynlegar, til að skerpa á ýmsum hlutum.

Það var gaman og gagnlegt að fá að taka þátt.

Takk fyrir mig.

Mjög gaman að fylgast með góðu fólki vinna saman. Hrós á alla sem komu að æfingunni og skipulagningu hennar.

Þetta var lærdómur um mikilvægi góðrar stjórnunar. Þarna var fullt af fólki og hefði mátt stýra betur til að hlúa að slösuðum

Flott æfing

Alltaf gott að vera viðbúin.